

**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um eignarnám hér en ekki þar. 14



**TÍMAMÓT** Gunnar Karlsson ætlar að verja ómenntaðan fornleifafræðing. 18



**LÍFIÐ** Bragi Þór myndaði tónlistar- og leikkonuna Charlotte Church fyrir The Guardian. 30



**SPORT** Körfuboltamenn hafa aldrei verið duglegri að setja þrennur. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
18. MARS 2014
65. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Stóru málin í tímahraki

Ríkisstjórnin hefur enn ekki lagt fram nokkur af stærstu málunum sem boðuð hafa verið. Sumarþing kemur til greina, segir þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Stór mál sem þarf að ræða að mati stjórnarandstöðunnar.

**ALÞINGI** Mörg stærstu mál ríkisstjórnarinnar á yfirstandandi þingi eru ekki enn komin fram, þrátt fyrir að einungis séu átján þingfundardagar til stefnu uns hlé verður gert á þinghaldinu um miðjan maí vegna sveitarstjórnarkosninga sem fara fram 31. maí.

Sigrún Magnúsdóttir, formaður þingflokks framsóknarmanna, segir að flokkurinn leggi mesta áherslu á skuldaleiðréttingar heimilanna og frumvarp líti dagsins ljós á allra næstu dögum. Af öðrum málum nefnir hún frumvörp um úrbætur á húsnæðismarkaði og atvinnumál.

Stjórnarandstaðan segist orðin lageyg eftir frumvarpi um skuldaleiðréttingar heimilanna, það sé mál sem þurfi að ræða vel í þinginu.

Helgi Hjörvar, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir að það sé stutt eftir af starfstíma þingsins og því nauðsynlegt að forgangsraða málum. Helgi segir að ef einhver friður eigi að ríkja um þingstörf verði að gera grundvallarbreytingar á frumvarpi utanríkisráðherra um að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka.

Róbert Marshall, formaður þingflokks Bjartrar framtíðar, segir að þingsins bíði stór og þung mál sem ekki sé hægt að afgreiða í flýti.

Þar sem stór mál hafa enn ekki komið fram hafa margir áhyggjur af því að ekki gefist nægur tími til að afgreiða þau. Sigrún segir að það dugi ekki og það geti komið til þess að sumarþing verði kallað saman.

Sigrún Magnúsdóttir segir að það verði að vinna vel næstu tvo mánuði ef ljúka eigi þingstörfum um miðjan maí. Hún segir koma til greina að lengja starfstíma þingsins. „Það getur alveg verið að þing komi saman að loknum sveitarstjórnarkosningum, sumarþing hafa áður verið haldin,“ segir hún.

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir að það hafi ekki verið rætt við hann að lengja starfstíma þingsins.

„Menn hafa þó verið að spyrja um þetta hingað og þangað,“ segir hann.

Svandís Svavarsdóttir, formaður þingflokks VG, segir að mikil áhersla sé lögð á að halda starfsáætlun þingsins. Blikur geti þó verið á lofti. „Ef menn ætla að víkja frá starfsáætlun þingsins berast böndin að verkstjóra ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra, með að þar sé ekki nægilega vel haldið á málum,“ segir Svandís. **- jme**

## Stóru málin sem ekki eru komin fram

- **Frumvarp um framkvæmd höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra lána.**
- **Frumvarp um húsnæðismál.**
- **Frumvarp um stjórn fiskveiða.**
- **Frumvarp um veiðigjöld.**
- **Frumvarp um gjaldtöku í ferðaþjónustu.**

## FRÉTTIR



### Prýðilegar viðtökur

Talsmaður landeigenda á Geysissvæðinu segir gjaldtöku hafa gengið prýðilega. Einhverjir ferðamenn hafa neitað að borga aðgangseyrinn. 4

**Bankaráðið dýrt** Hver fundur í bankaráði Seðlabanka Íslands kostaði um 1,6 milljónir króna í fyrra. Tíu fundir voru haldnir það ár. 2

**Refsiaðgerðir** Bæði Bandaríkin og ESB tilkynntu í gær að Rússland verði beitt refsiaðgerðum vegna Krímskaga. 6

**Tugir missa vinnuna** Stjórnarráðið þarf að spara 330 milljónir á árinu og þarf að segja upp starfsmönnum. 12




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Bolungarvík** | -4° | NA | 7 |
| **Akureyri** | -2° | ASA | 3 |
| **Egilsstaðir** | -1° | SA | 7 |
| **Kirkjubæjarkl.** | 0° | A | 9 |
| **Reykjavík** | 0° | A | 8 |

**Kalt í veðri** Í dag verður hvassast við suðurströndina. Vaxandi úrkoma, fyrst SV-til, yfirleitt snjókoma eða slydda. Í kvöld má búast við úrkomu í öllum landshlutum. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Svanurinn | Fólk**






**VERKFALL** Þær Fjóla Ósk Þórarinsdóttir og Árný Jóhannesdóttir notuðu fyrsta daginn í verkfalli vel og lásu saman í annars auðri stofu í Menntaskólanum við Reykjavík. Mikilvægt er fyrir námsmenn í verkfalli að nýta tímann. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**RÁÐA LITLU** Pollapönk syngur á ensku í lokakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ræður útfærslu í Eurovision:

# RÚV vildi láta syngja á ensku

**LÍFIÐ** Framlag Íslands í Eurovision, lagið Enga fordóma með Pollapönki, verður sungið á ensku í úrslitakeppninni í Kaupmannahöfn að kröfu Ríkisútvarpsins.

„Við höfum alltaf úrslitavaldið og megum breyta laginu ef við teljum það þjóna laginu betur,“ segir Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Söngvakeppninnar.

„RÚV ræður þessu alltaf á endanum og við vorum alveg til í að vinna með þeim í því,“ segir Haraldur Freyr Gíslason Pollapönkari. **- glp /** **sjá síðu 38**

Breyta þarf stjórnarskrá þannig að valdaframsal til stofnana verði heimilt:

# EES gæti að hluta til lent í frosti

**UTANRÍKISMÁL** Áhyggjuefni er að hér hafi ekki verið gerðar breytingar á stjórnarskrá sem þarf til að leiða hér í lög Evrópureglugerðir og -tilskipanir. Þetta er mat Margrétar Einarsdóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík.

„Það þarf að breyta stjórnarskránni og setja inn ákvæði um valdaframsal til alþjóðlegra stofnana til þess að hægt sé að innleiða ákvæði um bankaeftirlit á sviði fjármálaþjónustu,“ segir hún. Að öðrum kosti sé ekki hægt að útiloka að ákveðinn hluti EES-samningsins yrði settur í frost hjá okkur. Samningurinn virki heldur ekki ef við hættum að geta innleitt afleidda löggjöf á einhverju sviði hans.



**MARGRÉT EINARSDÓTTIR**

Margrét bendir á að þótt framkvæmdastjórn ESB hafi enn ekki gripið til aðgerða vegna þessa, sé það bara pólitísk spurning á vettvangi Evrópusambandsins hvort til þess kunni að koma. „Við þurfum bara að laga þetta,“ segir hún. Eigi að byggja á EES-samningnum þurfi að vera hægt að taka hér upp þá löggjöf sem til sé ætlast á grundvelli hans. **- óká /** **sjá síðu 8**










## SPURNING DAGSINS



Arnar, fékkstu nóg af öllu?

**„Nei, alltaf getur gott bestnað.“**
Arnar Dan Kristjánsson lék Abel í senu Hollywood-myndarinnar Noah sem tekin var á Íslandi árið 2012 og er forsýnd á sérstakri viðhafnarsýningu í Egilshöll í dag. Arnar segir mikinn lúxus hafa verið á tökustað.

Kvika hefur verið að safnast jafnt og þétt undir Heklu undanfarin ár, segir jarðeðlisfræðingur:

# Fjallið tútnar út um nokkra millimetra á ári

**ELDGOS** Þensla eldfjallsins Heklu hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Jarðvísindamenn hafa búist við gosi frá því skömmu fyrir 2010 þegar þenslan mældist meiri en fyrir síðasta gos árið 2000.

„Í mínum huga er óvissa um hvenær Hekla gýs næst. En það er full ástæða til að fylgjast vel með og fara yfir viðbragðsáætlanir. En það gæti líka liðið einhver tími þar til næsta gos verður,“ segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

„Það sem við teljum að hafi verið að gerast undir Heklu síðan í síðasta eldgosi er að það hafi verið kvikusöfnun undir eldfjallinu jafnt og þétt. Hún gerist þannig að það safnast kvika undir fjallið og það rís lítillega og tútnar út um nokkra millimetra á ári. Við teljum ekki útilokað að Hekla geti enn um sinn safnað í sig meiri kviku,“ segir Freysteinn og bætir við að jarðskjálftar hafi verið meiri á svæðinu upp á síðkastið en undanfarin ár. „Ef til eldgoss kemur verða jarðskjálftar líklega sterkasta vísbendingin. Það gæti orðið með stuttum fyrirvara, einni til tveggja klukkustunda.“

Lögreglan í Rangárvallasýslu mælist til þess að fólk hafi með sér farsíma ef það ætlar að ganga á Heklu, svo hægt sé að koma skilaboðum til þess ef mælar sýna aðdraganda eldgoss. Unnin hefur verið ítarleg viðbragðsáætlun í samstarfi við ýmsa faghópa þar sem tillit er tekið til mismunandi gosa í Heklu. - fb



**HEKLUGOS** Hekla gaus síðast árið 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MARKMIÐIN UNDIRRITUÐ** Fulltrúar kaþólsku kirkjunnar og múslíma sitja, en að baki standa Ástralinn Andrew Forrest og fulltrúi ensku biskupakirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kristnir og múslímar ætla að sameinast gegn þrælahaldi:

## Milljónir í nútímaþrælahaldi

**PÁFAGARÐUR, AP Leiðtogar kristinna og múslíma hafa tekið höndum saman um að útrýma þrælahaldi í heiminum.**

**Milljónir manna, jafnt karlar sem konur, fullorðnir sem börn, búa við nútímaþrælahald og eru ýmist þvinguð til að sinna heimilisstörfum, vændi, barnahermennsku eða nauðungarvinnu af ýmsu tagi.**

**Fulltrúar kaþólsku kirkjunnar, ensku biskupakirkjunnar og múslíma undirrituðu í gær samkomulag um að gera átak til þess að útrýma þrælahaldi. Frumkvæði átaksins kemur frá ástralska auðkýfingnum Andrew Forrest, sem jafnframt mun leggja til fjármagn.** - gb

Ísland á að styðja þvinganir:

## Málið rætt í þingnefnd í dag

**UTANRÍKISMÁL** Þvingunaraðgerðir Bandaríkjanna og Evrópusambandsins (ESB) gagnvart Rússlandi til stuðnings Úkraínu eru mikilvægt skref, og Ísland ætti að taka þátt í þeim aðgerðum að mati Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að ráðherra muni hafa lögbundið samráð við utanríkismálanefnd um þátttöku Íslands í aðgerðunum.

Þar er haft eftir Gunnari Braga að Ísland geti tekið þátt í aðgerðum ESB á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). - bj

Áætlanir RÚV stóðust ekki:

## Tap á rekstri 305 milljónir

**FJÖLMIÐLAR** Tap af rekstri RÚV verður umtalsvert meira á yfirstandandi ári en áætlanir gerðu ráð fyrir þrátt fyrir umfangsmiklar niðurskurðaraðgerðir, meðal annars uppsagnir, sem gripið var til. Þetta kemur fram í tilkynningu frá stjórn Ríkisútvarpsins til Kauphallar Íslands.

Í tilkynningunni segir að niðurstaðan valdi vonbrigðum og stjórn félagsins hafi óskað eftir því að fram fari óháð úttekt á fjármálum fyrirtækisins.

Áætlað er að tap af rekstri félagsins verði 305 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins, og 357 milljónir á árinu öllu. - bj



**BANKARÁÐ SEÐLABANKA ÍSLANDS** Greiðslur vegna launa bankaráðsmanna og ferðakostnaðar námu samtals sextán milljónum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hver fundur kostar 1,6 milljónir króna

Tíu fundir sem haldnir voru í bankaráði Seðlabanka Íslands í fyrra kostuðu alls 16 milljónir króna. Ferðakostnaður var greiddur vegna fjögurra fulltrúa í ráðinu.

**EFNAHAGSMÁL** Bankaráð Seðlabanka Íslands kom saman til tíu funda á síðasta ári. Kostnaður vegna hvers fundar nam 1,6 milljónum króna. Heildarkostnaður bankans vegna bankaráðsins nam því 16 milljónum króna á árinu.

Sjö fulltrúar sitja í bankaráðinu og jafnmargir til vara. Gjaldfærður ferðakostnaður vegna bankaráðs Seðlabanka Íslands á síðasta ári var 881 þúsund krónur.

Ólöf Nordal, formaður bankaráðsins, býr í Sviss og bankinn greiddi 250 þúsund krónur í ferðakostnað vegna hennar. Annar bankaráðsmaður, Jón Helgi Egilsson, bjó í Bandaríkjunum hluta tímabilsins og bankinn greiddi heldur meira í ferðakostnað fyrir hann, eða tæpar 280 þúsund krónur. Þá greiddi bankinn ferðakostnað fyrir Björn Val Gíslason og Hildi Traustadóttur. Ferðakostnaður sem greiddur var vegna þeirra beggja nam rúmum 330 þúsund krónum.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum setti efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Ríkisendurskoðun það viðmið fyrir fjórum árum að bankanum bæri að greiða ferðakostnað bankaráðsmanna. Í svari frá bankanum segir að við greiðslu ferðakostnaðar sé auk þess tekið mið af reglum sem bankans um greiðslu ferðakostnaðar vegna starfsmanna.

Um 14,9 milljónir króna fóru í laun og launatengd gjöld bankaráðsmanna í fyrra, um 1,5 milljónir fyrir hvern fund. Það gera að meðaltali um 214 þúsund á hvern hinna sjö bankaráðsmanna, en formaðurinn fær hærri laun en aðrir. johanna@frettabladid.is

### Ólöf greiðir sjálf hluta ferðakostnaðar

Ólöf Nordal, formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, býr í Sviss. Hún greindi Seðlabankanum frá þeirri ákvörðun sinni að hún ætlaði að greiða hluta af ferðakostnaði sem hlytist af veru hennar erlendis þrátt fyrir að bankanum bæri að greiða kostnaðinn. Frá því Ólöf var kosin í bankaráðið í júní í fyrra hefur kostnaður vegna ferðalaga hennar numið 588 þúsund krónum. Ólöf hefur sjálf greitt 338 þúsund en bankinn 250 þúsund.

Reykvíkingar!
Ekki gleyma að kjósa um betri hverfi
Opið er fyrir atkvæðagreiðslu 11.-18. mars
Betri hverfi
Forval verkefna í hverfum Reykjavíkur
kjosa.betrireykjavik.is
Virkjum íbúalýðræðið!

Ný skýrsla frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kynnt í gær:

# Vilja meiri samfellu í skólastarf

**SKÓLAMÁL** Vilji er til þess hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að gera tilraun með flutning rekstrus framhaldsskóla til sveitarfélaga. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kynntu í gær.

Garðabær, Reykjavík og Hafnarfjörður hafa þegar lýst yfir áhuga á að taka að sér rekstur framhaldsskóla og vilja hefja viðræður við menntamálaráðuneytið um rekstur einstakra skóla.

Í skýrslunni kemur fram að flutningur reksturs framhaldsskólanna sé ákveðnum vandkvæðum bundinn en kennarar og stjórnendur framhaldsskólanna hafa áhyggjur af því að flutningurinn gæti skapað hættu á minni fjölbreytni innan skólanna og færri valmöguleikum nemenda. Jafnframt að sjálfstæði skólanna yrði ógnað með aukinni pólitískri miðstýringu frá sveitarfélögum.

Nú er staðan sú að skólarnir smíða sína eigin námsskrá sem skapar skólunum sérstöðu og sjálfstæði.

Fram kemur að með flutningi náist meiri samfella í nám sem skilar sér í betri þjónustu til nemenda. Samfellan gæti minnkað brotthvarf úr framhaldsskólum sem hérlendis er mun hærra en á Norðurlöndum og í ríkjum OECD.

Flutningur reksturs framhaldsskólanna væri svar við sívaxandi kröfu um að framhaldsskólinn sé skilgreindur sem nærþjónusta. -ssb



**Í FREMSTU RÖÐ** Verkefnastjórn kynnti skýrsluna á fundi í Austurbæjarskóla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VW Touareg** V6 TDI
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 10.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**11.390.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Skoda Rapid** Amb 1.4
Tsi 90 kw Árgerð 2013, bensín
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.350.000,-**



**VW Passat** TDi 2,0
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 73.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.890.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 7.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.390.000,-**



**VW Golf** Trendl TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 80.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.390.000,-**



**Skoda Superb** Sedan
Árgerð 2010, dísil
Ekinn 113.300 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.990.000,-**



**Audi A1** Spb. 1.6 TDI Str.
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 7.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**VW Jetta** Highiline 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 13.700 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.490.000,-**



**Skoda Yeti** 2.0 Tdi 103 kw AT
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.950.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.420.000,-**



**Skoda Octavia** Ambiente
1.6 TDI Árgerð 2012, dísil
Ekinn 41.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.190.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 55.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **8.490.000,-**



**VW Passat** Comfortl 1.6 TDI
DSG Árgerð 2012, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.490.000,-**



**Audi A3** Sportback 1,6AT
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 84.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.650.000,-**



**Audi A4** 2.0TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.290.000,-**



**Skoda Octavia** Combi Tdi
4x4 Árgerð 2012, dísil
Ekinn 48.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.890.000,-**



**VW Bjalla** Design 1.4 160 hö
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.690.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

## SVONA ERUM VIÐ




**120** **prósenta hækkun hefur orðið á startgjaldi leigubíla frá árinu 1999.**

Startgjaldið var 300 krónur í febrúar fyrir fimmtán árum. Í febrúar síðastliðnum var það komið upp í 660 krónur.

Sérstakur saksóknari kærir frávísun í Aserta-málinu í héraði til Hæstaréttar:

# Getur haft áhrif á önnur mál

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari kærði í gær til Hæstaréttar þá niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur að vísa frá ákæru embættisins á hendur handboltamanninum fyrrverandi Markúsi Mána Michaelsyni og þremur öðrum sem var gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um gjaldeyrisviðskipti.

Héraðsdómur vísaði málinu frá vegna óskýrleika í ákæru. Fjórmenningunum var gefið að sök að hafa stundað viðskipti með gjaldeyri án þess að hafa til þess leyfi.

Upphaflega voru fjórmenningarnir sakaðir um að hafa stundað viðskipti með krónur á aflandsmarkaði í gegnum eignarhaldsfélagið Aserta. Ákærunni var breytt þegar í ljós kom að viðskiptaráðherra hafði ekki undirritað reglur um gjaldeyrismál árið 2008, og því ekki hægt að byggja refsingu á reglunum.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að nú sé verið að kanna hvort þau mistök geti haft áhrif á önnur mál sem verið sé að rannsaka hjá embættinu. - bj



**FYRIR DÓMI** Hæstiréttur mun úrskurða um hvort rétt hafi verið að vísa Aserta-málinu frá héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Evrópuþing samþykkir lög:

# Allir noti eins hleðslutæki

**BELGÍA** Þing Evrópusambandsins hefur samþykkt tilskipun um að allir farsímar eigi að nota sömu hleðslutækin fyrir árið 2017. Ráðherraráð sambandsins á eftir að samþykkja tilskipunina.

Með því að samræma hvernig hleðslutæki verður notað er áætlað að minnka megi úrgang um 51 þúsund tonn á ári.

Mörg símafyrirtæki framleiða nú þegar síma með réttri gerð af hleðslutæki, en önnur þurfa að breyta símtækjum sínum. - kóh

Greinargerð um losun hafta:

# 327 milljarðar í aflandskrónum

**EFNAHAGSMÁL** Nauðasamningar föllnu bankanna sem ekki taka mið af mögulegum neikvæðum áhrifum þeirra á greiðslujöfnuð gætu valdið meiri skaða fyrir Ísland en áframhaldandi fjármagnshöft um nokkurt skeið. Þetta segir í greinargerð fjármálaráðuneytisins um framgang áætlunar um losun fjármagnshafta. Þar segir enn fremur að því sé mikilvægt að nauðasamningarnir ýti undir stöðugleika og styðji við markmið um losun hafta.

Í greinargerðinni kemur fram að aflandskrónur, það er að segja íslenskar krónur erlendra aðila, námu 327 milljörðum króna í lok árs 2013 en voru 565 milljarðar í kjölfarið hrunsins árið 2008. Seðlabankinn hafi lækkað stöðu aflandskróna bæði með sérstökum viðskiptum og útboðum í samræmi við áætlun um afnám hafta frá mars 2011. - fbj

# Lést eftir árekstur við pallbíl

Kona á fertugsaldri lést þegar fólksbíll lenti í árekstri við pallbíl á Ólafsfjarðarvegi á Hámundarstaðahálsi skammt frá Dalvík í gærmorgun.

Tildrög slyssins voru þau að pallbíl var ekið suður þjóðveginn og hugðist ökumaður hans aka fram úr vörubíl með snjómokstursstönn sem var að hreinsa veginn. Hann hafnaði framan á fólksbíl sem var að koma úr gagnstæðri átt.

Ökumaður pallbílsins slasaðist ekki. Ökumaður fólksbílsins var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri ásamt konunni, sem var farþegi í bílnum, og öðrum farþega. Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu.

# Viðtökur verið prýðilegar

**Umræðan um gjaldtökuna á Geysissvæðinu hefur verið mikil upp á síðkastið og ekki eru allir á eitt sáttir. Garðar Eiríksson, talsmaður Landeigendafélags Geysis, segir fyrstu daga gjaldtökunnar hafa gengið prýðilega.**

**NÁTTÚRA** „Heilt yfir hefur þetta gengið alveg prýðilega. Gestir eru jákvæðir og þeir eru boðnir velkomnir og kvaddir," segir Garðar Eiríksson, talsmaður Landeigendafélags Geysis, spurður út í gjaldtökuna á svæðinu. „Við erum mjög sátt og höfum bara fundið fyrir velvild og fengið hvatningu mjög víða."

Mikil umræða hefur verið uppi um gjaldtökuna sem félagið hóf um helgina. Sex hundruð krónur kostar inn á hverasvæðið í Haukadal fyrir þá sem eru eldri en sextán ára en þeir sem eru yngri þurfa ekkert að greiða. Um eitt þúsund ferðamenn heimsóttu svæðið á laugardag og innheimti félagið um fimm hundruð þúsund krónur.

Eitthvað hefur verið um að ferðamenn hafa neitað að borga sig inn og þess í stað hafa þeir staðið fyrir utan girðingu eða setið inni í rútu og horft á það sem fyrir augu ber þaðan. Garðar hefur lítið um það að segja. „Þetta er þá partur af einhvers konar aðgangsstýringu og þá er minna álag á svæðinu sjálfu. Fólk hefur bara val og frelsi til athafna. Við gerum enga athugasemd við það."

Óánægja er með það meðal ferðaþjónustufyrirtækja hversu skammur fyrirvari var á gjaldtökunni. Garðar blæs á þessar athugasemdir. „Við getum engan veginn gert að því. Fyrir átján mánuðum stofnuðum við Landeigendafélagið og kynntum áform okkar bæði þá og síðar. Ef fólk í ferðaþjónustu hefur ekki tekið mark á því getum við í sjálfu sér ekkert gert í því. En við höfum alltaf verið heiðarleg og tilkynnt á öllum stigum um þessi áform og hvergi hvikað."

Spurður um næstu skref Landeigendafélagsins segir Garðar að eftir fyrstu vikuna verði staðan endurmetin. „Við reynum að læra eitthvað nýtt á hverjum degi."

freyr@frettabladid.is




**VILDU EKKI BORGA SIG INN** Þessir erlendu ferðamenn vildu ekki borga sig inn á Geysissvæðið og fylgdust þess í stað með fyrir utan girðinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**INN UM HLIÐIÐ** Hópur ferðamanna gengur inn um hliðið að Geysissvæðinu.

## GEYSISSVÆÐIÐ Í EIGU RÍKIS OG EINKAAÐILA









## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KALT Í VEÐRI** Í dag má búast við hvössum hviðum við fjöll syðst á landinu en annars verður hægari vindur. Snjókoma eða slydda sunnan til og úrkomusvæðið teygir sig norður á bóginn er líður á daginn. Á morgun dregur úr úrkomu en hvessir síðdegis.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 19° | New York | 5° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 9° | Orlando | 24° |
| Basel | 19° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 7° |
| Berlín | 12° | Las Palmas | 21° | París | 16° |
| Billund | 10° | London | 13° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 14° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 5° |




**Á MORGUN**
3-8 m/s en strekkingur allra syðst. Hvessir er líður á daginn.




**FIMMTUDAGUR**
Víða 10-18 m/s en hægari vindur syðst.

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET






# 4.390 ÞÚS. KR.

## RÍKULEGA BÚINN BORGARJEPPI Á ÓTRÚLEGU VERÐI

- 5 öryggisstjörnur hjá NCAP
- 7” MyLink upplýsingaskjár
- Leðurinnrétting
- Rafdrifnir speglar (aðfellanlegir)

- EBD bremsujöfnunarbúnaður
- Útvarpsstillingar í stýri
- Bluetooth símabúnaður
- Tengi fyrir Ipod og MP3 spilara

- Aðdráttar- og veltistýri
- ESP skriðvörn
- TCP stöðugleikastýring
- Miðstöð með loftkælingu

- Bakkmyndavél
- Aksturstölva
- Fjarlægðarskynjarar
- 18” álfelgur




## FÁÐU MEIRA Í CHEVROLET TRAX

Komdu í Chevrolet salinn og mátaðu þig við ríkulega búinn, sparneytinn og sprækan borgarjeppa sem er bæði lipur og þægilegur í umgengni.

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2011

Chevrolet Trax LTZ 2WD • bensín 1.4 turbo • sjálfskiptur
**Verð: 4.390 þús. kr.**

*Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. Mars 2014. Gert með fyrirvara um prentvillur.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hve mikið innheimti Landeigendafélag Geysis á fyrsta degi gjaldtöku?
**2.** Hver var valinn viðskiptafræðingur ársins 2013?
**3.** Hverjir sýna leikritið Batman in a box?

**SVÖR:**

1. 500 þúsund krónur. 2. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. 3. Leikfélag Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Enn er allt á huldu um örlög malasísku farþegaþotunnar eftir níu daga:

# Leitað frá Kasakstan til Ástralíu

**MALASÍA, AP** Leitin að malasísku farþegaþotunni, sem hvarf laugardaginn 8. mars, beinist nú að stórum boga sem skiptist í tvo hluta. Nyrðri hlutinn liggur frá Kasakstan í norðri og til norðurlandamæra Taílands, en syðri hlutinn frá Indónesíu og lengst suður í Indlandshaf, fram hjá Ástralíu.

Óljós merki, sem greindust í gervihnetti, benda til þess að vélin hafi verið stödd einhvers staðar á þessum boga sjö og hálfri klukkustund eftir flugtak hennar frá Kúala Lúmpúr. Rannsókn hefur meðal annars beinst að flugmönnum vélarinnar, þótt ekkert bendi annars til þess að þeir hafi haft ástæðu til að ræna vélinni.

Aðstoðarflugmaður vélarinnar kvaddi flugumferðarstjórn Malasíu með orðunum „allt í lagi, góða nótt“ tæplega 40 mínútum eftir flugtak. Mínútu síðar var slökkt á öðru af tveimur merkjasendingakerfum vélarinnar. Hitt kerfið virðist einnig hafa hætt að senda merki um svipað leyti. **- gb**



**LEITARSVÆÐIN ÚTSKÝRÐ** Hishamuddin Hussein, samgönguráðherra Malasíu, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efld ferðamannaþjónusta:

# Ylströnd gerð við Urriðavatn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Félag sem enn er í stofnun hyggst útbúa ylströnd við Urriðavatn í Fljótsdalshéraði norðan Lagarfljóts. Þar á jafnframt að verða í boði þjónusta fyrir ferðamenn og önnur starfsemi sem henni tengist.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Fljótsdalshéraðs hefur samþykkt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að setja í gang vinnu við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins svo það rúmi ylströndina við Urriðavatn. **- gar**


Nýtt!

2í1

Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


# Krímskaga svarað með refsiaðgerðum

**Bæði Bandaríkin og Evrópusambandið tilkynntu í gær um refsiaðgerðir eftir að leiðtogar Krímskaga lýstu yfir sjálfstæði og óskuðu eftir aðild að Rússlandi. Úkraínustjórn hefur kallað út varalið hersins ásamt nýstofnuðu heimavarnarliði.**

**ÚKRAÍNA** Evrópusambandið hefur ákveðið að beita 21 einstakling refsiaðgerðum eftir að Krímskagi lýsti yfir sjálfstæði í gær. Þá hafa Bandaríkin ákveðið að beita refsiaðgerðum á tíu einstaklinga af sama tilefni.

Refsiaðgerðirnar beinast einkum að ráðamönnum á Krímskaga og rússneskum ráðamönnum, þar á meðal Sergei Aksjonov, starfandi forsætisráðherra á Krímskaga, og Viktor Janúkóvitsj, fyrrverandi Úkraínuforseta.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hótaði jafnframt frekari refsiaðgerðum á hendur Rússlandi: „Ef Rússland heldur áfram að skipta sér af Úkraínu, þá erum við reiðubúin til þess að leggja á frekari refsiaðgerðir.“

Þá hefur Úkraínustjórn kallað út bæði varalið hersins og nýtt heimavarnarlið, samtals 40 þúsund hermenn, sem verða í viðbragðsstöðu grípi rússneskir hermenn eða vopnaðir Úkraínumenn hliðhollir Rússlandi til aðgerða í austanverðri Úkraínu.

Rússneskir ráðamenn gerðu lítið úr þessum refsiaðgerðum, en efnahagsástandið í Rússlandi þolir vart mikið harðari aðgerðir af hálfu Vesturlanda.

Gengi rússnesku rúblunnar hefur lækkað hratt síðustu vikurnar og Sergei Beljakov, aðstoðarefnahagsráðherra Rússlands, sagði Reuters-fréttastofunni í gær að skýr merki um kreppu væru komin í ljós.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti gaf í gær út yfirlýsingu, þar sem Rússar viðurkenna að Krímskagi sé sjálfstætt ríki.

Rússar eru eina þjóðin sem hefur tekið mark á þjóðaratkvæðagreiðslunni á Krímskaga á sunnudag, þar sem um 96 prósent kjósenda voru sögð hafa samþykkt að lýsa yfir sjálfstæði og sækja um aðild að Rússlandi.

Barack Obama Bandaríkjaforseti segir hins vegar að ýmsu hafi verið ábótavant við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar. **gudsteinn@frettabladid.is**



**HÁTÍÐAHÖLD Á KRÍM** Skemmtikraftar úr rússneska sjóhernum héldu uppi fjörinu á torgi í borginni Simferopol, þar sem fólk safnaðist saman í gær til að fagna kosninganiðurstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Yfirlýsing Krímskaga

Þingmenn héraðsþingsins á Krímskaga samþykktu í gær yfirlýsingu um sjálfstæði skagans. Jafnframt samþykktu þeir að sækja um aðild að Rússlandi, en fá engu að síður að halda eftir ákveðnum sjálfstjórnarréttindum innan Rússlands.

Krímskagi stefnir á að taka upp rússnesku rúbluna innan mánaðar. Þá er stefnt að því að klukkunni á Krímskaga verði breytt, þannig að hún fylgi Moskvutíma, sem er tveimur klukkustundum á undan klukkunni í Kænugarði.

Hermönnum á Krímskaga verður boðið að ganga til liðs við rússneska herinn.

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga hótar FME málsókn:

# Vill afsökunarbeiðni frá FME

**STJÓRNSÝSLA** Ingólfur Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga, sendi Fjármálaeftirlitinu bréf í gær þar sem hann segir vegið að æru sinni í frétt FME frá því í apríl 2011 og krefst þess að fréttin verði fjarlægð af heimasíðu FME ásamt því sem birt verði afsökunarbeiðni vegna hinnar meiðandi umfjöllunar. Hafi þetta ekki verið gert fyrir klukkan þrjú í dag segist Ingólfur tilneyddur til að leita réttar síns fyrir dómi.

Fjármálaeftirlitið fjarlægði í gær fréttina af heimasíðu sinni í kjölfar bréfs Ingólfs en hefur þrátt fyrir það ekki birt umbeðna afsökunarbeiðni. Ingólfur segist ekki hafa tekið ákvörðun um framhaldið. „Ég þarf að ræða þetta við lögmanninn minn og hugsa þetta. Satt að segja er ég orðinn þreyttur á þessum málaferlum. Það sem eftir situr hjá mér er að það hefur enginn axlað ábyrgð á þessu og hvað þá beðið mig afsökunar,“ segir Ingólfur í samtali við Fréttablaðið.

Í frétt FME sagði meðal annars að Embætti sérstaks saksóknara hefði sagt í bréfi til stofnunarinnar að það stæði rannsóknarhagsmunum í vegi yrði Ingólfi veittur aðgangur að gögnum þeirra.

Ingólfur segir að eftir að hann hafi unnið tvö dómsmál gegn FME og tvívegis fengið stuðning umboðsmanns Alþingis við kvörtunum sínum, þar á meðal vegna umfjöllunar á heimasíðunni, þá finnist honum það sanngirnismál að þessi meiðandi ummæli verði fjarlægð og afsökunarbeiðni birt.

Bæði umboðsmaður Alþingis og Héraðsdómur Reykjavíkur töldu að framsetning fréttar FME hefði verið til þess fallin að tengja Ingólf við rannsókn sakamála hjá sérstökum saksóknara en fram hefði komið að hann hefði þar hvorki stöðu grunaðs né sakbornings. **- fbj**



**UMMÆLIN ÓGILD** Bæði umboðsmaður Alþingis og Héraðsdómur Reykjavíkur segja ummæli FME á heimasíðunni villandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG


www.peugeot.is
NÝR PEUGEOT 2008
SJÁÐU UMHVERFIÐ Í NÝJU LJÓSI
Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.
PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000
MOTION & EMOTION
PEUGEOT
BERNHARD
Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535
Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

FRAMTÍÐ EES-SAMNINGSINS ER NOKKURRI ÓVISSU HÁÐ

# Skugga ber á framkvæmd EES

Ísland rekur lestina í innleiðingu EES-löggjafar. Fjármagnsflutningar eru ekki frjálsir. Samevrópskt eftirlit með fjármálastofnunum hefur ekki verið tekið upp. Fjármálaráðherra er andsnúinn eftirlitinu. Þá rúmast það ef til vill ekki innan fyrirhugaðrar stjórnarskrárbreytingar.

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



Enn standa yfir viðræður um leiðir til að leiða í lög á Evrópska efnahagssvæðinu reglur Evrópusambandsins (ESB) um sameiginlegt eftirlit með fjármálastofnunum. Sérfræðingar í Evrópurétti telja hömlur í vegi þess að hér verði innleidd lög og reglugerðir ESB, þar sem framselja þurfi ríkisvald til alþjóðlegra stofnana, stærri ógn við EES-samninginn en drátt á að hér verði gjaldeyrishöft afnumin og frjálsum fjármagnsflutningum komið á aftur.

Ríkisstjórnin kynnti í byrjun síðustu viku Evrópustefnu sem byggir á efldri hagsmunagæslu á vettvangi EES-samningsins og þar sem lögð er áhersla á skilvirka framkvæmd samningsins. Hluti stefnunnar er að hraða upptöku gerða í EES-samninginn og rétta af innleiðingarhalla löggjafar eigi síðar en á fyrri hluta næsta árs. Ísland rekur sem stendur lestina í EES-samstarfinu í innleiðingu laga og reglna.

Margrét Einarsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, telur hömlur á fjármagnsflutninga líkast til enn falla innan ramma dóms EFTA-dómstólsins frá því í árslok 2011, þar sem höftin voru talin samrýmast EES-samningnum. Þegar dómur féll hafi enn verið taldar vera uppfylltar efnislegar ástæður til að grípa hér til verndarráðstafana í samræmi við fjórðu málsgrein 43. greinar EES-samningsins. „Ég held það sé alveg ljóst að gjaldeyrishöft standast seint ákvæði EES-samningsins að eilífu, en hversu lengi þau standast treysti ég mér ekki til að spá fyrir um.“ Höftin séu því ekki mánaðaspursmál, en til lengri tíma litið þurfi að vera áætlun um annað.



MARGRÉT EINARSDÓTTIR

Að mati Margrétar er meira áhyggjuefni að ekki hafi enn verið gerðar hér nauðsynlegar breytingar sem þurfi til að hægt sé að innleiða ákveðna afleidda löggjöf, reglugerðir og tilskipanir. „Það þarf að breyta stjórnarskránni og setja inn ákvæði um valdaframsal til alþjóðlegra stofnana til þess að hægt sé að innleiða ákvæði um bankaeftirlit á sviði fjármálaþjónustu. Annars væri ekki hægt að útiloka að ákveðinn hluti samningsins yrði bara settur í frost hjá okkur.“ Erfiðara sé að setja því ákveðinn tímaramma hvenær þurfi að vera búið að gera bragarbót í þessum efnum. „En samningurinn virkar ekki ef við hættum að geta innleitt afleidda löggjöf á einhverju sviði hans.“

Margrét bendir á að þótt framkvæmdastjórn ESB hafi enn ekki gripið til aðgerða vegna þessa, sé það bara pólitísk spurning á vettvangi ESB hvort til þess kunni að koma. „Við þurfum bara að laga þetta,“ segir hún. Eigi að byggja á EES-samningnum þurfi að vera hægt að taka hér upp þá löggjöf sem til sé ætlast á grundvelli hans.



BIRGIR ÁRMANNSSON

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður utanríkismálanefndar Alþingis, segir að eins og er sé ekkert mál á borði þingsins þar sem um sé að ræða núning eða árekstur vegna upptöku einstakra Evrópureglna.

„Hins vegar hafa menn innan stjórnkerfisins verið lengi með þetta fjármálaeftirlitsmál í fanginu og raunar fleiri mál í pípunum sem vitað er að geti verið vandamál. En ég myndi ekki segja að útséð sé um að lausn finnist í þeim efnum,“ segir hann og telur því mögulegt að í samstarfi við nágrannaþjóðir okkar finnist lausn sem geti verið samrýmanleg íslensku og eftir atvikum líka norsku stjórnarskránni, því þar sé líka um árekstur að ræða.

„Hitt er annað mál að þekkt eru nokkur dæmi frá undanförnum árum þar sem menn hafa verið á grensunni í þessum málum og það hefur ýtt undir umræðu um að eðlilegt væri að gera svipaða stjórnarskrárbreytingu hér og hefur verið gerð í flestum nágrannalöndunum, þar sem um væri að ræða heimild, með sérstakri aðferð, auknum meirihluta í þinginu, þjóðaratkvæðagreiðslu eða einhverju slíku, til þess að framselja afmarkaða þætti ríkisvalds á takmörkuðu sviði til alþjóðlegra stofnana,“ segir Birgir. Þessi umræða segir hann að eigi sér nú stað innan stjórnarskrárnefndarinnar sem forsætisráðherra hafi skipað í haust. „Þetta er eitt af þeim málum sem þar er hvað efst á blaði.“

Valdaframsalsheimild í stjórnarskrá myndi hins vegar ekki endilega leysa vandkvæði tengd evrópsku fjármálaeftirliti. „Ekki eins og Evrópusambandið setur þetta upp vegna þess að þar er um að ræða framsal til stofnunar Evrópusambandsins, en ekki EES-stofnunar.“ Birgir segir að menn reyni hins vegar áfram að vinna sig áfram í átt að lausnum.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur áður sagst á móti því að breyta stjórnarskrá til að rýma fyrir fjármálaeftirliti ESB. „Ég tel fráleitt að við mundum hrökkva til og breyta stjórnarskránni út af þessari gerð ESB,“ sagði hann í viðtali við Fréttablaðið í maí 2012. Í umræðum á Alþingi um utanríkis- og alþjóðamál 14. febrúar í fyrra sagði hann líka of litla umræðu hafa farið fram um breytingar sem orðið hefðu á ESB. Hápólitískt væri hvernig ESB birtist í „síauknum mæli“ sem pólitískt bandalag sem stefndi í átt að stórauknum samruna. Þó taldi hann of djúpt í árinni tekið að óttast að ESB gæti útilokað Ísland frá þátttöku í EES vegna þess að hér hefðu ekki verið teknar upp reglur um fjármálaeftirlit. „Fyrst og fremst vegna þess að grundvöllur EES-samningsins er reistur á tveggja stoða kerfi,“ sagði hann þá.

## Spyr um höft og áhrif á EES-samninginn



Morten Løkkegaard, Evrópuþingmaður danska hægriflokksins Venstre, bíður svara frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um áhrif gjaldeyrishaftanna íslensku á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). 19. febrúar síðastliðinn spurði hann hvort framkvæmdastjórnin hygðist gera breytingar á samningnum vegna brota Íslands á ákvæðinu um frjálst flæði fjármagns. Hann velti því einnig upp hvort framkvæmdastjórnin teldi sig gæta hagsmuna fyrirtækja innan Evrópusambandsins sem hefðu nú verið föst með fé innan hafta á Íslandi í hálfan áratug. Svara við fyrirspurninni er að vænta upp úr næstu mánaðamótum.




RANGE ROVER EVOQUE – VERÐ FRÁ 8.770.000 KR.
4x4 - TD4 2,2 dísil, 9 þrepa sjálfskipting. Eyðsla 6,5 l/100 km.*

Þú veist það um leið og þú sérð hann. Það er eitthvað einstakt við Range Rover Evoque. Hönnunin grípur þig samstundis. Útlitið er loforð um ævintýri, þægindi og óbeislaða upplifun. Búnaðurinn er á heimsmælikvarða, hvort sem um ræðir aksturseiginleika, fjöðrunarbúnað, drifkerfi eða afl.

Reynsluaktu Evoque og leyfðu honum að heilla þig. Hafðu samband í síma 525 8000 eða komdu í heimsókn.

ENNEMM / SÍA / NM61145

B|L

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000




# Beittu **nýrri tækni** við skattskilin

## RSK - Í FORYSTU Í RAFRÆNUM SAMSKIPTUM

Ríkisskattstjóri fer fremstur í flokki í því að innleiða nýjustu tækni í opinberri þjónustu. Þess vegna getur þú núna einfaldað þér skattskilin og auðkennt þig örugglega með rafrænum skilríkjum í farsímanum eða á debetkortinu. Vertu í fararbroddi öruggrar auðkenningar á netinu og nýttu þér flýtimöguleika rafrænna skilríkja.

AUÐKENNI

Sími: 530 0000 | audkenni@audkenni.is | audkenni.is

HN Markaðssamskipti / SÍA

KENNARAR Í KJARABARÁTTU

Fjöldi framhaldsskólanema fær námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna:

# Hafa áhyggjur af lánunum



**NEMAR Á LÁNUM** Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Félags íslenskra framhaldsskólanema, segir að framhaldsskólanemdur á námslánum séu áhyggjufullir.

„Við verðum að bíða og sjá hvernig skólarnir ætla að framkvæma námsmat fyrir vorönnina,“ segir Jónas Fr. Jónsson, formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Hann segir að þegar það verði ljóst verði hægt að svara nemendum sem eru á lánum frá sjóðnum um hvort þeir fái lán í vor.

Nokkur hundruð nemenda á framhaldsskólastigi treysta á lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sér til framfærslu. Reglan er sú að námslán eru afgreidd frá sjóðnum þegar nemendur geta sýnt fram á að þeir hafi lokið tilskyldum einingum sem þarf til að fá lánin.

„Við höfum miklar áhyggjur af þeim nemendum sem eru á námslánum,“ segir Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Félags íslenskra framhaldsskólanema.

„Ef verkfallið verður langt vonum við að Lánasjóðurinn sýni því skilning og verði sveigjanlegur gagnvart þessu fólki,“ bætir hún við.

Laufey María segir að margir nemendanna séu með yfirdráttarlán í bönkum. Ef þeir fái ekki námslán til að gera upp yfirdráttarlánin geti þeir setið uppi stórskuldugir og hrökklast frá námi. - jme

# Lítið þokast í deilu kennara og ríkisins

Verkfallsnefnd kennara ætlar að heimsækja nokkra skóla í dag og athuga hvort einhverjir séu að fremja verkfallsbrot. Sáttafundur í kjaradeilunni er boðaður í dag. Mikið ber enn í milli í kjaradeilunni. Ekki er von á nýju tilboði frá ríkinu.

Sáttafundur í kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins hefst klukkan tíu í dag. Sáttafundur í deilunni stóð til klukkan sex í gær án teljandi árangurs.

Að sögn Gunnars Björnssonar, formanns samninganefndar ríkisins, ber deiluaðilum mikið í milli. Það varði ekki einungis launaliðinn heldur mun fleiri þætti í kjarasamningsgerðinni.

Ríkið lagði fram tilboð til launsnar deilunni í fyrradag og kennarar skoðuðu það í gær. Að sögn Aðalheiðar Steingrímsdóttur, formanns Félags framhaldsskólakennara, leist kennurum illa á það. Í tilboðinu væru ekki þær tölur sem kennarar vildu sjá.

Kennarar telja að laun þeirra þurfi að hækka um 17 prósent svo laun þeirra verði sambærileg launum þeirra stétta ríkisstarfsmanna sem þeir miða sig við.

Aðalheiður segir enga ástæðu til bjartsýni um að verkfallið sé að leysast.

Gunnar segir að ríkið komi ekki til með að leggja fram nýtt tilboð fyrr en þeir fái endanleg viðbrögð við tilboðinu sem lagt var fram í fyrradag. „Við eigum von á frekari viðbrögðum við því, kennarar eru ekki búnir að svara öllum þáttum þess,“ segir hann.

johanna@frettabladid.is



**SJÁLFSNÁM** Þrátt fyrir að kennarar séu í verkfalli ákváðu þessir krakkar í MR að koma í skólann og stunda sjálfsnám. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvorki félagsstarf né skólaferðalög

„Við ætlum að heimsækja nokkra skóla í dag og ganga úr skugga um að það sé enginn að brjóta verkfallið,“ segir Sigurður Ingi Andrésson, formaður verkfallsnefndar Félags framhaldsskólakennara.

Verkfallsnefndin hittist í gær og fór yfir þær reglur sem gilda í verkfallinu. Kennarar mega til að mynda ekki vera í skólahúsnæði á verkfallstíma. Þeir mega ekki vinna við náms- og kennsluvefi.

Félagsstarf nemenda sem fer fram undir umsjón kennara fellur niður á meðan verkfall stendur. Kennarar mega heldur ekki fylgja nemendum í skólaferðalög. Þá má ekki færa til stundatöflur eða breyta vinnuskipulagi þeirra starfsmanna skóla sem ekki eru í verkfalli. Allt námskeiðahald á vegum skóla í umsjón eða á ábyrgð kennara sem eru verkfalli fellur niður í framhaldsskólum landsins.



**Í FJÖLBRAUT VIÐ ÁRMÚLA** Sandra Sigurðardóttir var mætt í skólann upp úr níu í gærmorgun til að læra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 7 ráð fyrir nemendur

Ráð frá námsráðgjafa og fjölskylduráðgjafa um hvernig gott er að verja tímanum á meðan á verkfalli stendur.

1 **Haldið áfram að læra**
Mikilvægt er að nota tímann á meðan á verkfalli stendur til að halda náminu áfram og rifja upp.

2 **Undirbúið verkefni**
Skoðið kennsluáætlanir og undirbúið og vinnið verkefni sem hægt er að vinna sjálfstætt.

3 **Haldið rútínunni**
Farið ekki of seint að sofa, vaknið fyrir hádegi, lærið á hverjum degi, hreyfið ykkur og hugsið jákvætt.

4 **Takið ykkur á**
Nú er hægt að verja tíma í það sem setið hefur á hakanum.

5 **Æfið af kappi**
Verið dugleg að æfa ef þið stundið einhverja sérstaka íþrótt.

6 **Eflið fjölskyldutengslin**
Nú er tækifæri til að heimsækja ömmu og afa og aðra í fjölskyldunni oftar.

7 **Vinnið heimilisverk**
Semjið við foreldrana um aukna þátttöku í heimilisstörfum.

## → Brýnt að ræða stöðuna og nota tímann



**HRÖNN BALDURSDÓTTIR**



**SVEINDÍS A. JÓHANNSDÓTTIR**

Hrönn Baldursdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskólann í Ármúla, segir að vart hafi orðið við uppgjafartón í mörgum nemendum sem orðnir voru svolítið eftir á í náminu. „Þeir héldu að það væri bara best að hætta. Í fyrri verkföllum hefur hins vegar verið tækifæri til að ljúka önninni ef ákveðnum viðmiðum hefur verið náð. Þess vegna er mikilvægt að nota tímann á meðan verkfallið stendur til að endurskipuleggja sig.“

Sveindís A. Jóhannsdóttir fjölskylduráðgjafi segir brýnt að foreldrar ræði stöðuna við ungmennin, bæði þau sem eru yngri og eldri en 18 ára. „Sum eru í námi án þess að það sé markmið í sjálfu sér og sjá þarna tækifæri til að fara að vinna. Ef þau fá vinnu þarf það ekki að vera það versta en það þarf að ræða um hver markmiðin og gildin í lífinu eru. Það er auðvitað hlutverk fjölskyldunnar að hvetja ungmennin til náms.“ - ibs






# Allt klárt fyrir vorið?



Borð 19.995.- Stóll 11.995.- Bekkur 20.995.-

Borð + 2 stólar + bekkur

**54.995.-**

sparið 9.985.-

**AFRIKA GARÐHÚSGAGNASETT**
Í settinu er 150 x 90 cm borð, 2 stólar og bekkur úr hvítu acajou.



Borð 42.900.- Stóll 13.900.-

Borð + 4 stólar

**92.995.-**

sparið 5.505.-

**NEILA 180 GARÐHÚSGAGNASETT**
Í settinu er 180 x 100 cm borð úr áli með glerplötu og 4 Neila borðstofustólar.



Gardol

**SJÁLFKEYRANDI BENSÍNSLÁTTUVÉL**
Edition 1. 160 cc Honda-mótor. Sjálfvirk sláttuvél með fjórhjóladrifi. Sláttubreidd 53 cm. 3 í 1. 75 l safnskúffa, hliðarútkast og endurvinnslueiginleiki.

**89.995.-**

POWERED by HONDA



Weibulls

**FRÆ**
Margar gerðir í boði.
Verð frá

**115.-**




Weibulls

**40 L GRÓÐURMOLD**
Fyrir garðinn, matjurtagarðinn, blómapottana og útikerin. Inniheldur næringu og heldur raka vel.

**495.- !**



**59.995.-**

Kingstone

**BRISBANE GASGRILL**
Kampavínslitað, 2 brennarar. Grillflötur 51,8 x 48,2 cm. Með 2 hliðarborðum, slanga og stillir fylgja.



**445.-**

**LITLAR PÁSKALILJUR**
Narcissus Tete a Tete í 9 cm potti. Karfa fylgir ekki.

Auglýst verð gildir frá mánudeginum 17. mars til og með sunnudeginum 23. mars 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

prooptik.is



50% afsláttur

af öllum Seleste umgjörðum

Gildir til 24. mars

prooptik gleraugu

SKEIFUNNI | KRINGLUNNI | SPÖNGINNI

# Tugir missa vinnuna hjá ráðuneytunum

Ráðuneyti stjórnarráðsins þurfa að lækka kostnað um 330 milljónir króna á þessu ári. Þeim sparnaði er að stærstum hluta náð með uppsögnum starfsmanna eða lækkuðu starfshlutfalli. Þetta eru grimmar aðgerðir, segir formaður FHSS.

**VINNUMARKAÐUR** „Það er búið að segja upp fólki. Það er verið að segja upp fólki hjá ráðuneytum stjórnarráðsins,“ segir Hanna Dóra Hólm Másdóttir, formaður Stéttarfélags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.



HANNA DÓRA HÓLM MÁSDÓTTIR



GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR

Hún segir erfitt að segja til um hversu margir hafi misst vinnuna eða séu að missa hana. Sparnaðurinn birtist einnig í því að verið sé að lækka starfshlutfall einstakra starfsmanna um 10 til 50 prósent.

Hanna Dóra segir að lækkun á starfshlutfalli sé ekkert annað en kjaraskerðing, það fái enginn tíu eða 20 prósent starf einhvers staðar annars staðar.

Þá sé líka verið að segja fólki upp sem á orðið lífeyrisréttindi. Hún segir að sér finnist óeðlilegt að niðurskurður hjá hinu opinbera sé réttlættur með lífeyrisréttindum einstakra starfsmanna.

„Þetta eru ansi grimmar aðgerðir,“ segir Hanna Dóra.

Í fjárlögum þessa árs er ráðuneytum stjórnarráðsins gert að lækka kostnað um fimm prósent. Samanlagt eiga ráðuneytin að spara 330 milljónir króna. Það gæti samsvarað 40 til 50 stöðugildum.



**UPPSAGNIR** Tugir starfsmanna stjórnarráðsins missa vinnuna vegna niðurskurðar hjá ráðuneytunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hanna Dóra segir að erfiðlega hafi gengið að fá upplýsingar um uppsagnirnar eða framkvæmd þeirra.

„Við viljum fá að vita hverjir eiga að vinna störf þeirra sem sagt er upp. Í kjölfar uppsagnanna þarf að taka upp alla stofnanasamninga og skilgreina hvað hver og einn á að gera,“ segir Hanna Dóra og bætir við að sumir stjórnmálamenn telji þetta svo óhæft fólk að það sé allt í lagi að reka það.

Hún segir að eitt af því sem verði að ræða sé framkoma sumra þeirra sem sitja í nefndum Alþingis við starfsmenn stjórnarráðsins.

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir að opinber starfsmenn ætli ekki að hvika frá kröfum sínum um hækkun launa, uppsagnir hjá ríkinu breyti engu í því ferli.

## ➜ Fjöldi starfsmanna eftir ráðuneytum

Starfsmenn stjórnarráðsins eru á sjötta hundrað og skipast svona eftir ráðuneytum:

| | |
|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 47 |
| Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 65 |
| Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 95 |
| Innanríkisráðuneyti | 78 |
| Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 39 |
| Velferðarráðuneyti | 87 |
| Utanríkisráðuneyti | 132 |
| Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 78 |

„Það er víða undirmannað hjá ríkinu og það er sums staðar verulegt vandamál,“ segir Guðlaug og bætir við að frekari sparnaður á kostnað hennar fólks sé ekki mögulegur. johanna@frettabladid.is

VÖXTUR Í FERÐAÞJÓNUSTU ER MATURINN TILBÚINN?

MATVÆLALANDIÐ FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR ÍSLAND

RÁÐSTEFNA UM MAT OG FERÐAÞJÓNUSTU

HÓTEL SÖGU
FIMMTUDAGINN 20. MARS
KL. 12.00-16.30

Aðgangur er ókeypis
Skráning á vefnum si.is.
Staðsetning: Hótel Saga, 2. hæð

DAGSKRÁ:

Kl. 12.00 Skráning og hádegishressing

Þróun matarferðamennsku í heiminum og reynsla Svía
- Ami Hovstadius frá VisitSweden

Matarferðaþjónusta á Íslandi - við hvaða uppskrift á að styðjast?
- Laufey Haraldsdóttir, lektor, Háskólanum á Hólum

Markaðssetning matvæla til ferðamanna
- Mário Frade, vörumerkjastjóri, Nóa Síríusi

Ísland sem matvælaframleiðandi - samkeppnishæfni og framleiðslugeta
- Dr. Torfi Jóhannesson, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

Framlag matreiðslumanna til uppbyggingar á matarlandinu Íslandi
- Hafliði Halldórsson, forseti Klúbbs matreiðslumeistara

Matarupplifun í gróðurhúsinu í Friðheimum
- Helena Hermundardóttir, garðyrkjubóndi, Friðheimum

Eftir erindin verða pallborðsumræður þar sem m.a. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, taka þátt.

ÍSLANDSSTOFA




**MÓTMÆLI** Fjölmennir mótmælafundir hafa verið á Austurvelli undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Formaður Já Ísland ósáttur við fjármálaráðherra:

# Óásættanlegt að breyta orðalaginu

**STJÓRNMÁL** Jón Steindór Valdimarsson, formaður Já Ísland, er langt í frá hrifinn af hugmyndum Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um þá kosti að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið eða hafa áframhaldandi viðræðuhlé.

„Þetta er algjörlega ótækt og óásættanlegt og verður aldrei samþykkt,“ segir hann, aðspurður. „Þessar hugmyndir eru ekki í nokkru einasta samræmi við það sem menn sögðu fyrir kosningar.“

Í gær höfðu yfir 51.300 manns, eða yfir 21 prósent kosningabærra manna, tekið þátt í undirskriftasöfnun á vefsíðunni thjod.is um að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um hvort aðildarviðræðum verði haldið áfram eða ekki.

„Þarna er framsetningin mjög einföld og skýr. Ég vara stjórnmálamenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, við því að ætla að semja um eitthvað annað. Þá þurfa þeir að semja við þessar 51.300 manneskjur sem eru búnar að skrifa undir mjög ákveðna áskorun,“ segir Jón Steindór.



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

„Menn verða að vara sig, þetta er ekki fyrir Alþingi til að leika sér með. Þetta er ekkert pólitískt „geim“ heldur mjög skýr og einföld krafa og hana eiga þeir að virða.“

Hann kveðst vera ánægður með þær þúsundir manna sem hafa haft uppi mótmæli á Austurvelli undanfarnar vikur. „Ég er sérstaklega ánægður með það líka að þetta er mjög gott þversnið af þjóðinni. Þarna er alls konar fólk á öllum aldri með alls konar pólitískar skoðanir sem er einhuga um þessa kröfu.“ - fb




14-0051 • HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Hversu marga skoðanapistla getum við þolað?

# Að drekkja umræðu í umræðu

Aðsendar greinar sem bíða birtingar í Fréttablaðinu skipta yfirleitt tugum. Það er enginn skortur á fólki sem liggur mikið á hjarta og telur skoðanir sínar eiga svo mikið erindi við þjóðina að það sest við tölvuna og hamrar saman pistil eftir pistil um það sem mest brennur á því þá og þá stundina og sendir svo afraksturinn til birtingar. Plássins vegna eru því auðvitað takmörk sett hversu margar slíkar greinar fá birtingu á hverjum degi og óþolinmæði höfunda sem bíða spenntir eftir birtingu er að mörgu leyti skiljanleg. Þeir óþolinmóðustu grípa þá stundum til þess ráðs að stofna vefsíður eða vefrit, skrifa glósur á Facebook eða blogg á einhverja þegar stofnaða vefsíðu, því vitanlega má ekki hafa snilldina af þjóðinni.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Þessi þrá eftir að koma skoðunum sínum á framfæri á sér bæði góða og slæma hlið. Hin góða er að þrátt fyrir allt skuli enn vera til fólk sem hefur svo brennandi áhuga á tilteknu málefni að það leggur á sig að berja saman pistla og koma þeim á framfæri. Slæma hliðin er sú að þetta stöðuga streymi af misvel grunduðum skoðunum og endalausum vaðli um sömu málefnin drekkir oft því sem máli skiptir í tiltekinni umræðu. Hversu margir leggja það til dæmis á sig að lesa tvöhundruðustu greinina með eða á móti umsókninni um aðild að ESB til enda? Hverjum er ekki sama hvaða skoðun Jón Jónsson hefur á kennaraverkfallinu, heilbrigðiskerfinu, eða kjúklingarækt? Fyrir hvern eru þessar greinar skrifaðar þegar allt kemur til alls?

„Það þarf að opna og auka umræðuna“ er frasi sem gjarnan er slengt fram þegar gildi þessa greinaflóðs er dregið í efa. Sé spurt fyrir hvern sú aukning og opnun sé verður hins vegar yfirleitt færra um svör. Það á bara að vera „umræða“ og basta. Og áfram eltir umræðan skottið á sjálfri sér í endalausa hringi, án niðurstöðu og án þess að nokkuð breytist. Því eins og Jón Páll Eyjólfsson leikstjóri benti á í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu: „Það er ekki nóg að ræða hlutina og senda síðan jákvæða strauma út í kosmosið, það breytir engu.“

Orð eru til alls fyrst, segir máltækið, og það er mikið rétt en ef engin framkvæmd fylgir verða þau líka til alls síðust og málefnin góðu sem orðaskrifarinn vildi berjast fyrir drukkna í umræðuflóðinu með undraverðum hraða. Ofnotuð orð og frasar glata líka merkingu sinni og áhrifamætti, falla dauð til jarðar og vekja ekki nokkra tilfinningu í brjósti nokkurrar manneskju. Ákveðið óþol gerir vart við sig þegar maður les sömu frasana í tuttugasta skipti og það óþol eykst við hvern lestur þar til orðin hafa gjörsamlega glatað tengingu við uppruna sinn. Líða bara hjá eins og snjókornin fyrir utan gluggann og hafa álíka langa viðdvöl í vitundinni. Tími orðanna er liðinn, nú er tími gjörðanna.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orðrétt áskorun

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Besta flokksins og Vinstri grænna hyggjast leggja fram ályktunartillögu í dag þar sem borgarstjórnin skorar á Alþingi að tryggja aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu. Borgarstjórn vill að í samræmi við gefin fyrirheit verði dregin til baka tillaga um að viðræðum verði slitið og ákvörðun um framhald þeirra sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í ályktuninni segir að lokum að með því muni ríkisstjórnin leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hafa íslensk stjórnmál og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið. Athygli vekur að síðastgreinda setningin er orðrétt upp úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ættu því ekki að eiga erfitt með að styðja tillögu samstarfsflokka sinna í þetta sinn.

### Skoðanafrelsi Bændasamtakanna



Greint var frá því í gær að Bændasamtökin hefðu lánað Heimssýn, hreyfingu sjálfstæðissinna í Evrópumálum, húsgögn í nýtt húsnæði samtakanna. Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingarinnar, lét hafa eftir sér að honum þætti lánið afar óeðlilegt, þar sem Bændasamtökin nytu stuðnings ríkissjóðs. Erna Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtakanna, tók spurningar blaðamanns Vísis um málið fremur óstinnt upp og spurði hann hver fréttin væri, hvað væri fréttnæmt og hvort félagar í Blaðamannafélaginu væru búnir að slá eign sinni á tjáningarfrelsi í landinu. Samtökin hefðu skoðanafrelsi og mættu styrkja þá sem þeim sýndist. Þá taldi Erna fulla ástæðu til að kannað yrði hverjir styrktu samtökin Já Ísland í kjölfar þess að Bændasamtökin styrktu Heimssýn.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

Tilboðsverð

**Bosch uppþvottavél**
SMU 55M12SK
13 manna, 44 dB. 20 mín. hraðkerfi á 60° C.
**149.900 kr. stgr.**
**Fullt verð: 189.900 kr.**



**Bosch ryksuga**
BSD 3020
2000 W.
**15.900 kr. stgr.**
**Fullt verð: 19.900 kr.**



BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090

# Eignarnám hér en ekki þar

EIGNARRÉTTUR



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Það var engan bilbug að finna á Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðarráðherra þegar hún mætti í sjónvarpsþátt á dögunum til að réttlæta eignarnám á landi undir rafmagnslínu á Suðurnesjum.

Hún tók það sérstaklega fram að þótt eigendur færu í mál myndi það ekki „fresta réttaráhrifum“, sem á mannamáli þýðir að hvað sem öllum málaferlum líður þá verði farið í framkvæmdir. Páttarstjórnandinn sagði að ekki væri að sjá að framkvæmdin væri svo aðkallandi að rjúka yrði í hana með forgangshraði.

En Ragnheiður Elín sat líka fyrir svörum í umræddum þætti sem ferðamálaráðherra. Þar var hún eins viss í sinni sök gagnvart eignarréttinum. Hún talaði þar fyrir því baráttumáli ríkisstjórnarinnar að ríkið rukki okkur fyrir að fara á Þingvöll og skoða náttúruperlur Íslands. Um þetta verði að vísu að nást „víðtæk sátt“ og er svo að skilja að þar sé einkum átt við hagsmunaaðila í ferðaiðnaði og landeigendur. Almenningur kemur þarna lítið við sögu og hvergi er minnst á eignarnám í þessu samhengi.

Það er þó þarna sem eignarnám væri fullkomlega réttlætanlegt að mínu áliti, þ.e. gagnvart þeim aðilum sem í krafti einkaeignarréttar ætla, í trássi við lög, að græða á náttúruperlum Íslands. Þetta er eins yfirgengilegt og verða má. Í fréttum heyrðist einn talsmanna landeigenda líkja almenningi við börn sem hefðu fengið sleikibrjóstsykur ókeypis um hríð en þyrftu nú að borga fyrir hann.

Einhvers staðar var bent á að sú hætta væri raunveruleg að með andvaraleysi og meðvirkni stjórnvalda væri að myndast hér eins konar kvótakerfi þar sem ekki bara eigendur að landi færu að umgangast náttúruperlur sem eign sína, heldur tæki fjármálakerfið undir með því að heimila veðsetningu á nýtingu „eigna“ af þessu tagi inn í framtíðina. Þar með myndaðist tilkall til tekna af náttúruperlum sem enginn bókstafur er þó fyrir í lögum.

Hér hræða sporin úr sjávarútveginum.

Einni spurningu vildi ég heyra ferðamálaráðherrann og iðnaðarráðherrann svara úr einum og sama munninum: Hvort ekki væri ráð að snúa forgangsröðinni við, sýna landeigendum á Suðurnesjum ögn meiri biðlund en draga úr undirgefni við þá aðila sem eru að fjárnýta náttúruperlur Íslands í eiginhagsmunaskyni undir því falska yfirskini að vera sérstakir varðstöðumenn náttúru Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Álfrún Pálsdóttir alfrun@frettabladid.is VIÐSKIPTI: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is MENNING: Friðrika Benónýsdóttir fridrikab@frettabladid.is DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir liljakatrin@frettabladid.is VÍSIR: Kolbeinn Tumi Daðason, kolbeinntumi@365.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Er búið að tékka á þér?

HEILSA



**Teitur Guðmundsson**
læknir

Við sem erum komin með bílpróf og eigum jafnvel bíl vitum að það er skynsamlegt að fara með bílinn í skoðun reglulega, annars vegar til að koma í veg fyrir að hann falli úr ábyrgð og hins vegar vegna þess að við viljum vera örugg um að allt sé í lagi. Nýjasta tækni gerir okkur svo kleift að lesa með einföldum hætti hvað það er sem mögulega hrjáir bílinn. Því til viðbótar eru ákveðnir fyrirfram gefnir kílómetrar eða tími sem hlutirnir eiga að endast, líkt og olían og bremsurnar svo dæmi sé tekið.

Þetta er allt svo einfalt og þægilegt, við treystum því að þegar búið er að lesa af tölvunni verði gert við það sem þarf. Því verða einu áhyggjurnar sem við þurfum að hafa af hinum ökumönnunum í umferðinni. Slysin gera svo sem ekki boð á undan sér en maður er þó alltént með allt sitt á hreinu, ekki satt?

Þegar kemur að líkamanum flækist málið töluvert, en það er ekki enn búið að finna upp neina vél sem jafnast á við það sem mannslíkaminn getur og er væntanlega enn býsna langt í það. Við læknar erum enn að reyna að átta okkur á eðlilegri starfsemi hans og skilja hana til hlítar, fyrir utan það að geta brugðist við þegar líkaminn bilar með einum eða öðrum hætti. Okkur miðar ágætlega áfram en eigum mjög langt í land með það að geta stungið okkur í samband við tæki sem framkvæmir bilanagreiningu. Það er þarna sem áhugi, þekking og innsæi í bland við mannlega þáttinn gerir læknisfræðina svo skemmtilega.

### Allt árið um kring

Núna í marsmánuði erum við upptekin af vitundarvakningu á krabbameinum karla. Í október munum við svo blása aftur í lúðra og vekja konur til vitundar um krabbamein í bleikum mánuði. Þetta er allt gott og blessað og ber að fagna því sérstaklega, enda ekki vanþörf á að minna okkur á hætturnar sem liggja í leyni. Það þarf bara að gera það allt árið um kring. Karlar jafnt sem konur ættu að vera jafn meðvituð um krabbamein hvort sem það eru þessir mánuðir eða einhverjir aðrir á árinu.

Hið sama á við um aðra sjúkdóma, en ef litið er til Bandaríkjanna þá eru yfir 150 sjúkdómar og vandamál sem eiga sinn dag, viku eða mánuð. Áhugavert er að sjá að í júlí og desember er minnst um slíkt og sennilega er það á grundvelli markaðsaðstæðna. Annars vegar eru flestir í fríi og eru ekkert að velta sér upp úr þessu eða vilja halda jólin hátíðleg og ekki láta trufla sig í þeim undirbúningi. Gallinn er bara sá að sjúkdómar, hverjir sem þeir eru, stinga sér niður alla daga ársins, líka á aðfangadag!

**➜ Ekki er samræmi á milli fagaðila í þó samræmdu kerfi.**

### Eitthvað öfugsnúið

Skipulagt heilsufarseftirlit í forvarnarskyni á vegum ríkisins er í gangi allt árið á Íslandi. Má þar nefna ungbarna- og mæðravernd, leghals- og brjóstakrabbameinsskimun auk öflugrar fræðslu fyrir einstaklinga á öllum aldri í gegnum skólakerfi og Embætti landlæknis. Þá skipar heilsugæslan stóran sess sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu á landsvísu. Þrátt fyrir þetta eru margir óöruggir með það hvert skuli leita, hvað eigi að skoða, hvernig og á hvaða aldri. Ekki er samræmi á milli fagaðila í þó samræmdu kerfi og engar klínískar leiðbeiningar til hjá Embætti landlæknis hvað þetta snertir. Það eru hins vegar til leiðbeiningar um skimun gegn ristilkrabbameini sem eru frá 2002 sem hefur enn ekki verið framfylgt sökum fjárskorts heilbrigðisyfirvalda. Þetta er eitthvað öfugsnúið!

Bretar hafa í gegnum sitt NHS-kerfi nýlega sett fram NICE-leiðbeiningar um almennt heilsufarseftirlit allra einstaklinga á aldrinum 40-74 ára, á að minnsta kosti fimm ára fresti. Þar sem markmiðið er að stemma stigu við hjarta- og æðasjúkdómum, heilaáföllum, sykursýki, háum blóðþrýstingi og nýrnasjúkdómum til viðbótar við hefðbundna skimun gegn krabbameinum. Allt lífsstílstengdir þættir og þeir telja sig geta komið í veg fyrir 650 dauðsföll, 1.600 hjartaáföll og 4.000 nýgreiningar á sykursýki af tegund 2 á hverju ári með þessum hætti. Þetta er áhugaverð nálgun og sennilega verða margar gagnrýnisraddir uppi, en boltinn er farinn að rúlla. Temdu þér hollan lífsstíl, ekki reykja og láttu skoða þig reglubundið, mæla blóðþrýstinginn, kólesterólið, nýrnastarfsemina og blóðsykurinn auk þess að vera á varðbergi gagnvart krabbameinum. Það er engin tölva sem getur lesið líkamann ennþá!

# Skóli fyrir suma?

MENNTUN



**Jóhann G. Thorarensen**
framhaldsskólakennari

Ég vinn sem kennari. Sem slíkur hitti ég nemendur á hverjum degi. Ólíka nemendur sem vinna á ólíkan hátt, eru með ólíkan bakgrunn og vinna mishratt. Sumir eru fljótir að tileinka sér hluti, sumir hægari og sumir strögla. Ekki dytti mér í hug að ætlast til að þeir væru allir eins. Þeir, eins og fólk almennt í samfélaginu, eru ólíkir.

Eitt sinn vorum við með skólakerfi þar sem aðeins hluti nemenda fór í framhaldsnám. Hinir fóru að vinna. Nú erum við með fjölbreyttan hóp nemenda í alls konar námi, bóknámi, verknámi og listnámi. Sumir ljúka námi á skemmri tíma en fjórum árum, sumir ljúka námi á lengri tíma og sumir ljúka meira en einni tegund af námi. Enda eru þetta ólíkir nemendur með ólíkar þarfir. Eins og við öll.

Því finnst mér undarleg sú umræða sem nú er enn komin upp um að setja öllum nemendum þær skorður að ljúka námi sínu á þremur árum. Ef það tekur þá lengri tíma þá sorrí. Hvað er þá orðið um sveigjanleika áfangakerfisins? Kerfi sem gerir nemendum kleift að haga sínum námstíma eftir því hvað þeim hentar sem námsmönnum? Hvað er þá orðið um að hafa fjölbreytt skólakerfi með fjölbreyttu námi fyrir fjölbreyttan nemendahóp?

Helst dettur mér í hug mynd sem ég sá í gagnfræðaskóla á sínum tíma. Þetta var myndin The Wall þar sem nemendur voru hópur með eins grímu, allir eins sem sagt, sem færðust eftir sama færibandi í sömu hakkavél og komu út sem sama kjöt. Kannski er það sá skóli sem þeir vilja sem nú ræða hvað helst um að gera alla framhaldsskóla að þriggja ára skólum?

# Nýsjálenska aðferðin við gjaldtöku í þjóðgörðum

FERÐAÞJÓNUSTA



**Einar Á. E. Sæmundsen**
fræðslufulltrúi þjóðgarðsins á Þingvöllum og landslagsarkitekt

Fjölgun ferðamanna til Íslands undanfarin ár hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni og síst þeim sem vinna í þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og öðrum ferðamannastöðum landsins. Ferðamannastaðir á Íslandi eru flestir í eigu ríkis eða sveitarfélaga og margir friðlýstir á einhvern hátt.

Erlendis gilda mjög skýrar reglur um stjórnun og rekstur ferðaþjónustu innan þjóðgarða og friðlýstra svæða. Hjá þjóðgarðastofnun Bandaríkjanna og Kanada, Umhverfisstofnun Nýja-Sjálands og Ástralíu eru ferðaþjónustufyrirtæki starfsleyfisskyld innan þjóðgarða. Fyrirtækin lúta kröfum og reglum en samhliða eru innheimt gjöld fyrir afnot ferðaþjónustu af svæðum í opinberri eigu. Ef viðskiptatækifærin snúast um takmarkaða auðlind eru þau boðin út.

Á Nýja-Sjálandi eru þjóðgarðar og friðlýst svæði helstu ferðamannastaðir landsins og því er góð stjórnun og skýr stefna lykilatriði. Grunnreglan er að þeir sem hafa fjárhagslegan ávinning af því að vera inni á svæðum undir stjórn umhverfisstofnunar Nýja-Sjálands, þjóðgörðum, þjóðskógum og öðrum verndarsvæðum, verða að gera um það samninga og borga fyrir afnot. Þetta kerfi á við alla notkun í viðskiptalegum tilgangi m.a. beitarafnot, námavinnslu, skógarhögg, kvikmyndatökur yfir í ferðaþjónustu svo fátt eitt sé nefnt.

### Gjöldin felld inn í verð

Þar sem ferðaþjónustan er stærsti notandi þjóðgarða borgar hún fyrir öll afnot af slíkum svæðum. Verðskráin er byggð upp fyrir mismunandi notkun og tímalengd og samningar geta verið fyrir einn atburð eða til fleiri ára. Ferðaskrifstofurnar fella síðan gjöldin inn í verð til ferðamanna. Hins vegar greiða skattborgarar Nýja-Sjálands og ferðamenn á eigin vegum ekki aðgangseyri að þeim svæðum sem Umhverfisstofnun Nýja-Sjálands stýrir.

Þessa nýsjálensku aðferð tel ég vera mjög skýra og sanngjarna að því leyti að hún gerir ráð fyrir að þeir borgi gjald sem nýta svæðin í viðskiptalegum tilgangi og af þeim sem valda augljóslega mestu álagi á svæðin. Aðrir greiða ekki. Á þennan hátt verða ferðamenn heldur ekki varir við gjaldtökuna þannig að upplifunin af því að heimsækja fallegar náttúruperlur verður ekki rofin af því að greiða aðgangseyri líkt og farið sé inn í dýragarð eða skemmtigarða.

### Axlar ábyrgð

Stórnotendur þjóðgarða og friðlýstra svæða eru ferðaþjónustufyrirtækin sjálf sem selja ferðir á þá staði. Með slíku kerfi er hægt að koma gjaldinu inn í verð til ferðamanna sem greiða það en um leið verða til upplýsingar um fjölda og nýtingu ferðaþjónustunnar sem hjálpar til að stýra og byggja upp staðina. Á þennan hátt axlar ferðaþjónustan sem atvinnugrein ábyrgð á því ástandi sem skapast þegar þúsundir ferðamanna á hennar vegum heimsækja helstu náttúruperlur landsins á sama tíma. Þessi aðferð hentar til að skapa tekjur til uppbyggingar og rekstur fyrir þá staði sem eru í opinberri eigu en einnig aðra staði sem eru í eigu einkaaðila eða með blönduðu eignarhaldi. Greitt væri þá fyrir þann fjölda sem heimsækir hvert svæði og það deildist niður á svæðin.

Umsýsla og eftirlit vegna slíks kerfis er verkefni til að leysa en það er morgunljóst að öllum kerfum sem nefnd hafa verið til sögunnar fylgir umsýsla af mismunandi tagi. Hjá Umhverfisstofnun Nýja-Sjálands er haldið utan um alla samninga á innra landupplýsingakerfi stofnunarinnar og hafa starfsmenn aðgang að því þegar eftirliti er sinnt. Hægt er að kalla fram allar upplýsingar úr sama gagnagrunni um allt landið. Þeir sem fara um slík svæði án samnings fá fyrst tvær áminningar en kært er í þriðja sinn.

Það er jákvætt og nauðsynlegt að núverandi ríkisstjórn sé að skoða leiðir til að fá tekjur til að standa undir nauðsynlegri uppbyggingu til að fást við þann fjölda ferðamanna sem kemur til Íslands. Það þarf hins vegar að gerast að vandlega athuguðu máli og þannig að fjármagnið nýtist beint á þeim stöðum sem ferðamenn heimsækja.

**Hið norræna samvinnufélagsmódel**

**Málþing um hlutverk samvinnufélaga í atvinnusköpun á Norðurlöndum**

**Föstudaginn 21. mars kl. 08:15 – 12:15, Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4, Reykjavík**


Vilhjálmur Egilsson

Eygló Harðardóttir

Emil B. Karlsson

Sigrún Lilja Einarsdóttir

Susanne Westhausen

Gordon Hahn

Arnar Stefánsson

May Woldnes

Jarmo Hanninen

**08:15 Skráning og kaffi**

**08:30 Setning málþings**
*Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst og fundarstjóri setur málstofu*

**Ávarp ráðherra**
*Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra*

**Samvinnufélög að norrænni fyrirmynd**
*Emil B Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar*

**Conventus-verkefnið og „hið lærða samvinnufélagsform“**
*Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, lektor við Háskólann á Bifröst*

**Hlutverk samvinnufélaga í nútíma Norðurlöndum**

**Danish social Coops – new ways to sustainable welfare**
*Susanne Westhausen, framkvæmdarstjóri Kooperationen - Danmörk*

**Re-vitalize the Swedish cooperative sector**
*Gordon Hahn, Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri SERUS - Svíþjóð*

**Worker cooperatives as a tool to fight unemployment – experiences from 1990's economic downturn in Finland**
*Jarmo Hanninen, fræðimaður og stjórnarmaður í Co Op Finnlandi - Finnland*

**Kaffi**

**Lög og starfsumhverfi samvinnufélaga á Norðurlöndum**

**An outline of co-operative legislation in Iceland: Purpose and history**
*Arnar Stefánsson, nemandi í meistaranámi í lögfræði (ML) við Háskólann á Bifröst*

**Co-operative legislation in Norway – Reasons, requirements and results**
*May Woldnes, forstöðumaður miðstöðvar norskra samvinnufélaga - Noregur*

**New Cooperative Act in Finland - Major and fundamental changes, and their impact in practice**
*Jarmo Hanninen, fræðimaður og stjórnarmaður í Co Op Finnlandi - Finnland*

**Fyrirspurnir**
*Vilhjálmur Egilsson stýrir umræðum.*

RANNSÓKNASETUR VERSLUNARINNAR
VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Ómannúðleg meðferð aldraðra blettur á samfélaginu

VELFERÐ



Guðlaug Guðmundsdóttir
framhaldsskólakennari

Ég er aukapersóna í ljótri sögu sem ekki sér fyrir endann á. Mamma mín, gömul kona, er aðalpersónan. Sagan er sjúkrasaga hennar undanfarið rúmlega hálft ár þar sem hver kollsteypan á fætur annarri hefur orðið til þess að hún er nú farlama og líður illa. Afleiðingar gegndarlauss niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu blasa við í þessari sögu og bitna illa á aðalpersónunni. Ljóst er að hún er bara ein af mörgum sem eru í vondum málum vegna þessa.

Við sameiningu spítalanna var m.a. hagrætt þannig að þeir skiptu með sér verkum og mismunandi fagdeildum. Útreikningar sýndu að ódýrara væri að flytja sjúklinga á milli bygginga en að reka sams konar deildir á fleiri en einum stað. Hljómar skynsamlega og tölur tala sínu máli.

En hvernig virkar þetta í veruleikanum? Það reynir á hold, blóð og taugar, sérstaklega þegar fólk er gamalt, að fara milli spítala margsinnis á stuttu skeiði. Sjúkrabílaferðir mömmu síðan í september sl. eru, nú þegar þetta er skrifað, orðnar átján. Á nóttu sem degi hefur hún verið flutt frá einni deild á aðra. Elskulegir sjúkraflutningamenn koma og flytja fólk, nærgætnir og faglegir, en vegna anna þarf stundum að bíða lengi eftir þeim. Flutningarnir hafa verið til og frá bráðamóttöku, til og frá Hringbraut eða Fossvogi, til og frá hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og til og frá heimili hennar í Furugerði. Sá sem sendur er heim til sín í sjúkrabíl er ekki til stórræðanna enda hefur það komið á daginn.

### Vítahringur

Læknar, sem ég hef þó sárasjaldan hitt af því þeir eru takmarkað við, hafa útskrifað hana og í bréfum þeirra kemur fram að hún sé fær um að sjá um sig sjálf. Þar segir kannski að henni „hætti til að fá aðsvif“ og hún sé „með dálitla verki“. Sjúkrasagan verður ekki rakin í smáatriðum hér en í stórum dráttum er um að ræða tvö beinbrot sem bæði voru afleiðing aðsvifa. Aðsvifin urðu vegna slappleika sem orsakaðist líklega af alvarlegri sýkingu sem tók margar vikur að greina og lækna.

Nokkrir úr röðum heilbrigðisstarfsfólks, sem starfar í öldrunargeiranum og á bráðamóttöku, hafa reynst vel á þessu tímabili en það liggur í augum uppi að þetta góða fólk ræður yfir takmörkuðum úrræðum. Myndast getur vítahringur þar sem hvert úrræðið reynist of takmarkað og kallar á annað. Heildarlausn vantar fyrir veika, aldraða á höfuðborgarsvæðinu og það er algerlega óviðunandi. Það er nöturlegt að horfa upp á gamla fólkið okkar, sem hefur unnið hörðum höndum alla sína hunds- og kattartíð og greitt sitt til samfélagsins, upplifa niðurlægjandi og ómannúðlega meðferð þegar það er orðið hjálparþurfi. Að eldast með reisn á að vera sjálfsagður réttur hvers og eins.

**➔ En hvernig virkar þetta í veruleikanum? Það reynir á hold, blóð og taugar, sérstaklega þegar fólk er gamalt, að fara milli spítala margsinnis á stuttu skeiði.**

Búsetuúrræði fyrir gamalt fólk verður að taka til markvissrar endurskoðunar og efla aðhlynningu þeirra sem búa í þjónustuíbúðum vegna þess að það er oft að langt leitt þegar það loksins fær inni þar. Það verður að fjölga hjúkrunarrýmum og bæta aðgang gamals fólks að fagfólki. Markmiðið með þessum skrifum er að vekja athygli á því og krefjast bóta. Ljótar sögur af meðferð aldraðra á Íslandi í dag eru blettur á samfélaginu.






# Sjálfskipuð einangrun evrópsks smáríkis

EVRÓPUMÁL



Magnús Árni Magnússon
dósent í alþjóðastjórnmálum

Í alþjóðastjórnmálum er áhrifamikil kenning um smáríki að það sé í raun ekki valkostur fyrir þau að standa ein og óstudd á alþjóðavettvangi, enda takast þar á miklir hagsmunir og fátt fæst fyrir lítið þegar á hólminn er komið.

Þess vegna geti smáríki eingöngu lifað af og tryggt hagsmuni sína með tvennum hætti; Annars vegar að halla sér þétt upp að stóru og voldugu nágrannaríki og láta það sjá um að vernda sig og styðja, ellegar að bindast samtökum, helst þar sem stóru ríkin eru innanborðs og flétta þau í net samninga og samskiptareglna sem tryggja að smáríkin geti átt við þau stóru á eins miklum jafnréttisgrundvelli og mögulegt er.

Evrópusambandið er besta dæmið um svona samtök. Í Evrópusambandinu eru mjög mörg smáríki, en einungis fjögur stór ríki, Bretland, Frakkland, Þýskaland og Ítalía. Það að þau eru þarna fjögur kemur í veg fyrir að eitthvert þeirra geti í reynd stýrt sambandinu og innan Evrópusambandsins mynda ríki bandalög þvers og kruss þegar kemur að því að gæta hagsmuna sinna. Þau vita það öll – stór sem smá – að leikurinn heldur áfram og það getur komið að því að þau þurfi á næsta ríki að halda í næstu samningalotu og þar af leiðandi forðast þau í lengstu lög að svíkja hvert annað þegar kemur að samningaborðinu. Þau standa líka saman út á við gagnvart ríkjum sem ekki tilheyra klúbbnum.

Fyrir ríki – og þá sérstaklega smáríki – sem standa utan þessa bandalags gilda ekki sömu reglur. Það hefur litlar sem engar afleiðingar fyrir Evrópusambandið, eða ríki þess að koma mjög harkalega fram gagnvart svoleiðis ríkjum. Ríkjum eins og Íslandi, sem eiga allt sitt undir góðum tengslum við Evrópusambandið, en hafa engin tök á að verja hagsmuni sína með öðru en að höfða til manngæsku og sanngirni. En manngæska og sanngirni koma mönnum bara ákveðið langt í alþjóðastjórnmálum. Þannig er það bara. Þegar hinir grimmu hagsmunir taka við þurfa ríki að staldra við aðra þætti.

**➔ Þau vita það öll – stór sem smá – að leikurinn heldur áfram og það getur komið að því að þau þurfi á næsta ríki að halda í næstu samningalotu og þar af leiðandi forðast þau í lengstu lög að svíkja hvert annað.**

### Einangrað með Svartapétri

Þetta er ástæðan fyrir því að enn á ný stendur Ísland uppi einangrað með Svartapétur í alþjóðastjórnmálum, nú í makríldeilunni. Meira að segja Færeyingar – sem vita sem er að þeir eiga miklu meira undir góðu sambandi við Evrópusambandið og Noreg en Ísland – sáu ekki ástæðu til að standa með Íslendingum í þetta skipti, hvað þá Norðmenn, sem eru það ríki sem Ísland hefur kosið að halla sér þéttast upp að í alþjóðastjórnmálum þessi misserin með nánast algeru trausti á þá varðandi mikilvægasta þátt íslenskra alþjóðahagsmuna, EES-samninginn.

Ísland kaus lengst af fyrri kostinn sem smáríki stendur til boða. Að halla sér upp að voldugu nágrannaríki. Bandaríkin gegndu því hlutverki megnið af lýðveldistímanum. Þeir yfirgáfu þetta litla bandalagsríki sitt endanlega 2006 og tveimur árum síðar stóð Ísland uppi algerlega einangrað á alþjóðavettvangi, úthrópað sem blóraböggull í mesta efnahagshruni sögunnar.

Strax um sumarið 2009 tók ríkisstjórn Íslands það heillaskref að rjúfa þessa einangrun með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Með því að velja þann kost sem nánast öll smáríki Evrópu hafa valið til að standa vörð um sína hagsmuni. Ný ríkisstjórn er nú að gera sitt besta til að rjúfa það ferli. Enn á ný skilar það sér í algerri einangrun Íslands á alþjóðavettvangi. Nú stendur okkur bara til boða að hrópa á torgum: „Þetta er svindl!“ Enginn mun hlusta. Hvað þurfum við að fórna miklu til að núverandi valdhafar átti sig á þeirri stöðu sem við erum í?


VINNUKOLLAR

Ert þú að leita að vinnukolli fyrir heimilið eða vinnustaðinn?
Fastus býður uppá gott úrval af vinnukollum og stólum
í öllum stærðum, gerðum og litum.



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



## LÚÐRAÞYTUR Í HÖRPU

**Lúðrasveit Hafnarfjarðar kemur fram í Norðurljósasal Hörpu í kvöld kl. 20. Það er Samband íslenskra lúðrasveita sem blæs til tónleikaraðar. Á efnisskránni kennir margra grasa en hver lúðrasveit mun leika eftir sínu höfði.**


Stuttir kjólar




Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is


# NÝ SENDING KOMIN Í ALLAR VERSLANIR!

**GENGUR VEL KYNNIR** *Raspberry Ketones, nýja þyngdarstjórnunarefnið, seldist upp á augabragði, enda eitt mest selda fitubrennsluefnið í heiminum í dag. Viðskiptavinir hafa nú þegar lýst yfir ánægju sinni með árangurinn!*

**Raspberry Ketones** er náttúrulegur andoxunargjafi unninn úr kjarna hindberja. Að auki inniheldur blandan grænt te sem eykur enn frekar virknina. Rannsóknir hafa sýnt að Raspberry Ketones hefur áhrif á náttúrulega hormónið ADIPONECTIN sem heilbrigt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum en fólk í yfirþyngd skortir. Því meira sem er af ADIPONECTIN í blóðrásinni, því auðveldara á fitan með að losna úr frumunum. Með því að taka inn Raspberry Ketones hjálpum við líkamanum að losa sig við aukakílóin á náttúrulegan hátt.

**VOTTAÐ HRÁEFNI = GÆÐI OG HÁMARKS STYRKLEIKI**

Raspberry Ketones er GMP-vottað hráefni sem tryggir gæði og hámarksstyrkleika. Blandan inniheldur engin litarefni, rotvarnarefni, laktósa eða ger.

**DREGUR ÚR NART- OG NAMMIÞÖRF**

Græna teið eykur styrkleika hins náttúrulega andoxunarefnis PÓLÍFENÓLS sem hjálpar einnig til við að brjóta niður fitu í meltingarveginum og ýtir undir virkni hindberjakjarnans. Græna teið er einnig frábær orkugjafi og jafnar blóðsykur, sem dregur úr nart- og nammiþörf.

Ráðlögð notkun: Eitt hylki tvisvar á dag með vatni fyrir máltíð.

***Kynningartilboð þessa vikuna á öllum útsölustöðum!***





OKKAR BAKARÍ

Skoðið úrvalið!

Flottar kökur í afmælið

- Dóra og Diego
- Skylanders
- Bratz
- Spiderman
- Star Wars
- Hulk
- Disney prinsessur
- Monster High
- Tísku Barbie
- Litla hafmeyjan
- Strumparnir

og margt fleira



Iðnbúð 2 Garðabæ 565 8070
okkarbakari.is
facebook.com/okkarbakari




Gjöf handa þér og þínum

Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# LJÓSMÆÐUR MEÐ SÉRÞEKKINGU

**TÍMAMÓT** *Merk tímamót áttu sér stað hjá ljósmæðrum um síðastliðin mánaðamót. Þá voru fyrstu tvær sérfræðiljósmæðurnar ráðnar til starfa á Landspítalanum.*

Þann 1. mars síðastliðinn voru í fyrsta sinn ráðnar ljósmæður með sérfræðileyfi við meðgöngu- og sængurkvennadeild Landspítalans. „Þetta eru merk tímamót hjá okkur ljósmæðrum og við erum í raun búnar að vera að bíða eftir þessari leyfisveitingu undanfarin ár,“ segir Helga Sigurðardóttir, yfirljósmóðir meðgöngu- og sængurlegudeildar 22A á kvenna- og barnasviði Landspítalans. „Frá því 2008 hefur Landspítalinn boðið upp á tveggja ára starfsnám til sérfræðiviðurkenningar. Fyrstu ljósmæðurnar luku starfsnáminu árið 2010 en fyrstu leyfin voru veitt í haust. Þann 1. janúar 2013 var gerð ákveðin lagabreyting varðandi heilbrigðisstéttir og samfara þeim reglugerð um menntun, réttindi og skyldur ásamt starfsleyfum og sérfræðileyfum. Þá fyrst var hægt að sækja um sérfræðileyfi í ljósmóðurfræði. Það var því rökrétt framhald að þær fengu stöðu við spítalann.“

**TVÆR SÉRFRÆÐILJÓSMÆÐUR**

Í reglugerðinni um sérfræðileyfin eru skilgreind fjögur klínísk svið; kynheilbrigði og forvarnir, meðgönguvernd og fósturgreining, fæðingarhjálp og svo sængurlega og brjóstagjöf. „Sérfræðiljósmæðurnar sem voru ráðnar nú um síðustu mánaðamót eru þær Ingibjörg Eiríksdóttir, sem er með sérfræðileyfi í tvíburameðgöngu og brjóstagjöf, og Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sem er með sérfræðileyfi í meðgönguvernd með áherslu á geð- og vímuefnavanda.“

**NÝTIST KONUM BÆÐI BEINT OG ÓBEINT**

Helga segir kostina við þessar nýju stöður vera ótvíræða. „Þarna fáum við tvær öflugar ljósmæður sem hafa yfirgripsmikla þekkingu á sínu sérsviði, mikla reynslu í lestri rannsókna og geta leitt faglega þróun innan síns sérsviðs. Ákveðið starfshlutfall þeirra er tileinkað verkefna- og rannsóknarvinnu og er það forsenda til að geta fylgst með í faginu, komið á breytingum sem á þarf að halda og viðhaldið ákveðinni faglegri þróun.“

Sérfræðiþekking ljósmæðra mun nýtast konum bæði beint og óbeint. „Valgerður Lísa hefur sinnt mæðravernd kvenna með fíknisjúkdóma og mæðra sem eru í neyslu á meðgöngu og kemur þannig beint að mæðravernd þess hóps. Þetta nýtist einnig öðrum konum þar sem Valgerður verður ráðgjafi annarra ljósmæðra og þær fá þannig stuðning í meðferð kvenna með þessi vandamál bæði í meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu. Þannig nýtist þekkingin



**NÝJAR STÖÐUR** Helga Sigurðardóttir, yfirljósmóðir meðgöngu- og sængurlegudeildar, fékk fyrstu sérfræðiljósmæður Landspítalans til starfa á deild sinni á dögunum. MYND/GVA

beint ákveðnum hópi og óbeint stærri hópi.“

**KOMIÐ Í VEG FYRIR MISVÍSANDI UPPLÝSINGAR**

Ingibjörg var til að byrja með fengin í verkefnavinnu til að útbúa verklagsreglur um allt sem lýtur að brjóstagjöf en síðan var stöðunni breytt í sérfræðistöðu eftir að sérfræðileyfi hennar var gefið út. „Það hefur skort svigrúm til að vinna gæðaskjöl sem tengjast brjóstagjöf. Það hefur valdið því að fólk hefur fengið misvísandi skilaboð. Ingibjörg einbeitir sér að því að taka þetta til gagngerrar endurskoðunar og nýtist það öllum konum sem koma í sængurlegu og þurfa fræðslu og aðstoð við brjóstagjöf. Hún mun jafnframt sinna ráðgjöf um brjóstagjöf eftir fæðingu. Hún er líka með sérþekkingu í tvíburameðgöngu og er verið að þróa nýtt viðtal fyrir tvíburaforeldra þar sem farið er yfir fósturskimun og fleira,“ segir Helga. „Þegar allir verða komnir með sömu þekkingu og verklagsreglur komnar á hreint verður vonandi hægt að koma í veg fyrir að fólk fái misvísandi skilaboð.“

**liljabjork@365.is**

L'ORÉAL PARIS



HÁRLITA RÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

Þriðjudagur 18. mars
kl. 12-17
Lyfju Smáratorgi

Fimmtudagur 20. mars
kl. 12-17
Lyfjum&heilsu Austurveri

Föstudagur 21. mars
kl. 12-17
Hagkaup Kringlunni



Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og Image designer kennari frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum frá L'Oréal Paris.

Treystu okkur fyrir fermingunni



Jón Arilíus KÖKULIST /Kokulist

Firði Hafnarfirði Sími 555 6655 - 662 5552 • kokulist@kokulist.is

Adam Levine notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

60 DAGA 60 SKILARÉTTUR



Eftirtalin Apótek og heilsubudin.is selja Proactiv® Solution

**AKUREYRARAPÓTEK**, Kaupangi - **LYFJAVER**, Suðurlandsbraut 22
**BORGARAPÓTEK**, Borgartúni 28 - **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
**URÐARAPÓTEK**, Grafarholti - **ÁRBÆJARAPÓTEK**, Hraunbæ 115
**APÓTEK GARÐABÆJAR**, Litlatúni 3 - **REYKJAVÍKURAPÓTEK**, Seljavegi 2, **APÓTEK HAFNARFJARÐAR**, Tjarnarvöllum 11
Heildsölubirgðir, Konkord ehf. S. 568 9999, heilsubudin@heilsubudin.is

Heilsubudin.is - bætt útlit, betri líðan

Brúðkaupsblað Fréttablaðsins



**Laugardaginn 29. mars** kemur út veglegt Brúðkaupsblað með Fréttablaðinu.

Fjallað verður um allt sem viðkemur Brúðkaupum og er blaðinu dreift í **90.000 eintökum.**

Pantið auglýsingar/kynningar tímanlega hjá Bryndísi í síma 512-5434 eða á netfangið bryndis@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SVANURINN

ÞRIÐJUDAGUR **18. MARS 2014**

## Svanurinn 25 ára

**Mikil umhverfisvakning er meðal íslenskra fyrirtækja og sífellt fleiri fá Svansvottun.** **Bls. 2**

## Gott fordæmi

**Prentsmiðjan Umslag fékk Svansvottun árið 2012 og vill með því sýna gott fordæmi.** **Bls. 3**

## Ánægja með Svaninn

**Ánægja ríkir með þau fyrirtæki sem kaupa umhverfisvottaðar vörur og þjónustu, samkvæmt könnun MMR frá því í fyrra.** **Bls. 4**



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512- 5434 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!

TAKTU **GRÆNU SKREFIN.....**
STAFRÆN PRENTUN....
**Fysta flokks þjónusta**

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
511 1234 gudjono@gudjono.is

# Svanurinn í sókn

Mikil vakning er meðal fyrirtækja þegar kemur að umhverfismálum. Svanurinn verður 25 ára í ár og fá sífellt fleiri fyrirtæki vottun.

Undanfarin sex ár hefur verið mikill kraftur í Svansstarfinu hérlendis. Svanurinn á 25 ára afmæli á þessu ári og verður stór ráðstefna haldin af því tilefni hérlendis í haust. Að sögn Önnu Sigurveigar Ragnarsdóttur, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, voru einungis fjögur íslensk fyrirtæki með Svansleyfi árið 2008 en í byrjun þessa árs bættist 27. fyrirtækið í hópinn. „Í dag eru flest fyrirtækin í þjónustugeiranum. Af þeim eru tíu prentsmiðjur, sjö ræstingafyrirtæki, sex hótel og farfuglaheimili og nýlega bættust veitingastaðir og mötuneyti í hópinn.“ Anna bendir á að erlendar ferðaskrifstofur séu í æ ríkari mæli farnar að gera kröfur um umhverfisvottun og því séu hótel, farfuglaheimili og veitingastaðir farnir að huga meira að þessum málaflokki.



„Innkaupanetið er verkefni sem hefur verið starfrækt á Norðurlöndunum í nokkur ár með góðum árangri,“ segir Anna Sigurveig Ragnarsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. MYND/GVA

### Ágætis byrjun

Haustið 2011 fór verkefnið „Ágætis byrjun“ af stað hjá Umhverfisstofnun. Verkefnið fólst í því að gefa nýbökuðum foreldrum lítinn poka sem innihélt bækling um efni í umhverfi barna. Einnig fylgdu með prufur af nokkrum Svansvottuðum ungbarnavörum. „Verkefninu lauk síðasta haust og var afar vel tekið af foreldrum. Við stefnum að því að hefja það aftur næsta haust enda mjög mikilvægt verkefni. Umhverfisvottanir hjálpa neytendum að velja vörur með eiginleikum sem eru almennt ekki sjáanlegir en geta haft áhrif á umhverfi og heilsu.“

### Innkaupanetið stofnað

Í fyrra var stofnað sérstakt neytendateymi innan Umhverfisstofnunar. Svanurinn er þar undir ásamt fleiri þáttum sem snerta neytendur. Anna segir teymið gera starfsmönnum kleift að vinna að ýmsum nýjum verkefnum og nefnir Innkaupanetið sem dæmi. „Innkaupanetið er verkefni sem hefur verið starfrækt á Norðurlöndunum í nokkur ár með mjög góðum árangri. Markhópur þessa verkefnis er fyrirtæki sem vilja skuldbinda sig til að minnka umhverfisáhrif sín með því að stunda vistvæn innkaup og styðjast við umhverfismerkingar á borð við Svaninn, Evrópublómið eða sambærileg merki.“

Innkaupanetið er meðal annars hugsað til að koma til móts við fyrirtæki sem ekki geta fengið Svansvottun. „Fyrirtæki sem ganga í Innkaupanetið setja sér innkaupastefnu, innkaupareglur og skýra innkaupaferla. Innkaupanetið veitir stuðning og leiðbeiningar um hvernig gott er að bera sig að og geta haft jákvæð áhrif á umhverfið. Við erum að leita að stofnmeðlimum í verkefnið og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við okkur hjá Umhverfisstofnun.“

PIPAR\TBWA • SÍA • 133702




Rekstrarland leggur mikla áherslu á vistvæna og umhverfisvottaða vöru. Með því að velja vöru og þjónustu með vottuðum umhverfismerkjum stuðlar þú að betra umhverfi og bættri heilsu fyrir þig og þína.

Evrópublómið | Norræni svanurinn | Blái engillinn | Blái kransinn (Astma-Allergi Danmark) | Sjálfbærir skógar | Húðofnæmisprófað

REKSTRARLAND

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100
www.rekstrarland.is

# Hagur umhverfisins í fyrirrúmi

Prentsmiðjan Umslag fékk vottun norræna umhverfismerkisins Svansins til staðfestingar á góðum árangri í umhverfismálum árið 2012. Ingvar Hjálmarsson segir það markmið fyrirtækisins að hugsa ávallt um hag viðskiptavina sinna og umhverfisins. Svansvottunin nær yfir alla starfsemi Umslags og segir Ingvar vel fylgst með að reglum sé fylgt.

Umslag hefur séð um að prenta, árita, dreifa og póstleggja gögn fyrir fyrirtæki í rúmlega tuttugu ár. „Viðskiptavinir okkar eru meðal annars bankar, lífeyrissjóðir, tryggingafélög og kortafyrirtæki. Við viljum sýna gott fordæmi í allri okkar vinnslu og hófum árið 2011 undirbúning að því að fá Svansvottunina. Vottunina fengum við í mars árið 2012,“ útskýrir Ingvar Hjálmarsson, gæðastjóri hjá Umslagi.

### Söngkonan margverðlaunaða blæs á kjaftasögurnar.

Söngkonan Lorde vandar forsvarsmönnum fréttaveitunnar og sjónvarpsstöðvarinnar E! ekki kveðjurnar á Twitter-síðu sinni. E! hafði samband við kærasta hennar, James Lowe, til að spyrja hvort þau Lorde væru trúlofuð. Ástæða vangaveltnanna var að Lorde hafði verið mynduð með demantshring á baugfingri.

„Maður er orðinn frægur þegar viðrini frá E! halda að það þýði að maður ætli að gifta sig þegar maður gengur um með hring,“ skrifar söngkonan og birtir mynd af tölvupósti sem James barst.

Bætir Lorde við að hún ætli að byrja að ganga um með nammihring framvegis upp á grín.

- lkg

# Kallar hegðun Dylan Farrow óábyrga

## Leikkonan Scarlett Johansson tjáir sig um greinina sem dóttir Woody Allen skrifaði um hann.

„Mér finnst óábyrgt að nefna fullt af leikurum og henda þeim inn í aðstæður sem enginn gat hugsanlega tjáð sig um. Það finnst mér óábyrgt,“ segir leikkonan Scarlett Johansson um opinskátt bréf sem Dylan Farrow birti á bloggvef New York Times í byrjun febrúar. Í bréfinu sagði hún að faðir hennar, kvikmyndaleikstjórinn Woody Allen, hefði misnotað hana kynferðislega í æsku. Í bréfinu heimtaði hún svör frá samstarfsmönnum föður síns.

„Hvað ef þetta hefði verið barnið þitt? Cate Blanchett? Louis CK? Alec Baldwin? Hvað ef þetta hefði verið þú, Emma Stone? Eða þú, Scarlett Johansson? Þú þekktir mig þegar ég var lítil stúlka, Diane Keaton. Hefurðu gleymt mér?“ skrifaði hún meðal annars.

„Ég veit ekkert um þetta. Það væri fáránlegt af mér að draga ályktanir. Það er ekki eins og þetta sé einhver sem hefur verið sakfelldur fyrir eitthvað og hægt sé að segja að maður styðji ekki þennan lífsstíl,“ segir Scarlett í viðtali við The Guardian.

Alec Baldwin hefur líka tjáð sig um bréfið og hafði þetta um málið að segja á Twitter-síðu sinni:

„Hvað í fjandanum er að ykkur? Að ykkur þyki við þurfa öll að tjá okkur um þessar fjölskyldudeilur?“

Þá talaði Cate Blanchett stuttlega um bréfið á kvikmyndahátíðinni í Santa Barbara í byrjun febrúar en Cate hlaut Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína í Blue Jasmine, nýjustu mynd Woody Allen.

„Þetta hefur verið erfitt og sársaukafullt fyrir fjölskylduna og ég vona að þau finni einhverja lausn og frið,“ sagði Cate.

Woody sjálfur svaraði bréfi Dylan á bloggvef New York Times og kenndi móður hennar, leikkonunni Miu Farrow, um að hafa plantað þessum hugmyndum um kynferðislegt ofbeldi í huga dóttur sinnar.

„Auðvitað misnotaði ég ekki Dylan. Ég elskaði hana og ég vona að hún muni skilja einn daginn að búið er að svíkja hana um að eiga ástríkan föður og að hún hafi verið misnotuð af móður sem hefur meiri áhuga á sinni eigin reiði en velferð dóttur sinnar.“

Ástarsambandi Woody og Miu lauk árið 1992 eftir að hún fann nektarmyndir sem hann hafði tekið af Soon-Yi Previn, tvítugri kjördóttur Miu. Í kjölfarið viðurkenndi Allen að hann ætti í ástarsambandi við hana. Við tók erfið forræðisdeila þar sem Mia sakaði Woody um að hafa misnotað Dylan en dómari vísaði málinu frá vegna ónógra sannana.

liljakatrin@frettabladid.is



**DREGUR EKKI ÁLYKTANIR** Scarlett ætlar ekki að tjá sig um bréfið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY







SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| SAVING MR. BANKS | KL. 8 - 10:40 | L |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 10:25 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:30 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:30 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG



**MILLJARÐAVIRÐI** Oprah ætlar að selja Harpo-myndverið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Selur stúdíóið

Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey ætlar að selja Harpo-myndverið í Chicago en þættirnir The Oprah Winfrey Show voru teknir þar upp á árunum 1990 til 2011. Myndverið verður á sama stað í að minnsta kosti tvö ár í viðbót.

Oprah á nú sína eigin kapalsjónvarpsstöð, OWN, og mun myndverið enn framleiða þætti stöðvarinnar.

Um tvö hundruð manns vinna hjá Harpo-myndverinu og setur Oprah á það 32 milljónir dollara, tæplega fimm milljarða króna. - lkg

# Með milljón á mánuði

**BAKPANKAR**
Sóru McMahon



Framhaldsskólakennarar hófu í gær verkfall þar sem ekki hafði náðst að semja um kjör þeirra. Báðir foreldrar mínir eru kennarar og hafa starfað sem slíkir í yfir þrjá áratugi. Á þeim tíma hafa þeir farið nokkrum sinnum í verkfall.

**KENNARAR** eru háskólagengið fólk. Laun kennara (á öllum stigum menntakerfisins) hafa oft verið til umræðu og eru flestir sammála um að þau séu skammarlega lág. Laun íslenskra framhaldsskólakennara eru það lág að þau eru nokkuð undir OECD-meðaltalinu sem er 4.917.050 milljónir í árslaun. Samkvæmt tölum OECD eru kennarar í Lúxemborg þeir launahæstu með 12.373.900 milljónir í árslaun. Það gerir um milljón á mánuði!

**KRÖFUR** framhaldsskólakennara hljóma upp á sautján prósenta launahækkun, eða öllu heldur launaleiðréttingu, því einhverra hluta vegna hafa laun kennara ekki fylgt launum annarra sambærilegra háskólamenntaðra stétta er starfa hjá ríkinu. Viðræðurnar, sem staðið hafa frá því í desember, eru erfiðar enda ber mikið á milli þeirra er „deila". Að auki hefur menntamálaráðherra tekist að blanda styttingu framhaldsskólanáms inn í kjarabaráttu kennarastéttarinnar. Það liggur þó enn ekki fyrir hvernig eða hvenær sú stytting ætti að eiga sér stað.

**Í** hvert sinn sem kennarar beita verkfallsrétti sínum má heyra raddir sem telja að með þessu séu kennarar að skapa sér enn eitt fríið á kostnað nemenda. Þvílík firra. Dragist verkfall á langinn verða kennarar fyrir miklu tekjutapi því þeir fá einungis greiddar um 6.000 krónur á dag úr verkfallssjóði á meðan á verkfallinu stendur. Sex þúsund krónur fyrir skatt. Verkfalli fylgir því ekki aðeins mikil röskun á vinnu kennara og nemenda heldur einnig tekjutap og fjárhagsáhyggjur.

**SEM** betur fer komast flestar aðrar starfsstéttir hjá því að þurfa að grípa til slíkra örþrifaráða þegar samið er um kjör þeirra.

# NÝLIÐAR SÓPA TIL SÍN TILNEFNINGUM Á HLUSTENDAVERÐLAUNUM

Hlustendaverðlaunin 2014 verða afhent í Háskólabíói föstudaginn 21. mars. Verðlaun verða veitt í átta flokkum en hljómsveitirnar Kaleo og Mammút hljóta flestar tilnefningar. Hlustendur einir velja sigurvegarana.




**GOTT ÁR** Hljómsveitin Kaleo hefur átt frábært ár en sveitin er einmitt tilnefnd í sex flokkum af átta. Frumburður sveitarinnar sem er henni samnefndur var mjög vinsæll og seldist vel. MYND/RAGGI ÓLA

Hlustendaverðlaunin verða afhent í kraftmiklu og spennandi tónlistarpartíi í Háskólabíói þann 21. mars næstkomandi. Hlustendur Bylgjunnar, X-ins 977 og FM 957 hafa kosið sigurvegarana en kosningu er lokið og með því hafa hlustendur valið þá tónlistarmenn sem sköruðu fram úr á árinu 2013.

Ungu listamennirnir eru í eldlínunni þar sem hljómsveitin Kaleo er með flestar tilnefningar eða sex talsins. Mammút fylgir Kaleo fast eftir með fjórar tilnefningar.



Tilvonandi Íslandsvinur, Justin Timberlake, er tilnefndur fyrir erlenda lag ársins, lagið Mirrors.

Hlustendaverðlaunin verða í beinni útsendingu og opinni dagskrá á Stöð 2 en kynnar kvöldsins verða þau Saga Garðarsdóttir og Sverrir Þór Sverrisson.

Fram koma meðal annars: Kaleo, Jón Jónsson, Steinar, Friðrik Dór, Steindi Jr. og Bent, Emilíana Torrini, Lay Low, Leaves, Skálmöld og Dikta.

Hátíðin er opin öllum og fer miðasala fram á miði.is.

gunnarleo@frettabladid.is

### ➜ Flytjandi ársins

- Mammút
- Of Monsters And Men
- Kaleo
- Botnleðja
- Baggalútur
- Nýdönsk og John Grant

### ➜ Myndband ársins

- Tookah - Emilíana Torrini
- I Feel You - Jón Jónsson
- Gleipnir - Skálmöld
- Brennisteinn - Sigur Rós
- Hvolpaást - Mc Gauti, Larry BRD og Unnsteinn Manuel
- Vor í Vaglaskógi - Kaleo

### ➜ Plata ársins

- Kaleo - Kaleo
- Tookah - Emilíana Torrini
- Beginning - Steinar
- Pale Green Ghosts - John Grant
- Komdu til mín svarta systir - Mammút
- Mamma þarf að djamma - Baggalútur

### ➜ Erlenda lag ársins

- Do I Wanna Know - Arctic Monkeys
- Get Lucky - Daft Punk
- Mirrors - Justin Timberlake
- My God Is The Sun - Queen Of The Stone Age
- Royals - Lorde
- Just Give Me A Reason - Pink og Nate Ruess

### ➜ Lag ársins

- Vor í Vaglaskógi - Kaleo
- Up - Steinar
- Sweet World - Nýdönsk og John Grant
- Salt - Mammút
- Panikkast - Botnleðja
- Mamma þarf að djamma - Baggalútur og Jóhanna Guðrún

### ➜ Söngvari ársins

- Jökull Júlíusson - Kaleo
- Jón Jónsson
- John Grant
- Arnór Guðjónsson - Leaves
- Stefán Jakobsson - Dimma
- Stefán Hilmarsson - Sálin hans Jóns míns

### ➜ Nýliði ársins

- SamSam
- Steinar
- Kaleo
- Vök
- Unnur Eggertsdóttir
- Mono Town

### ➜ Söngkona ársins

- Nanna Bryndís Hilmarsdóttir - Of Monsters And Men
- Margrét Rán Magnúsdóttir - Vök
- Lay Low
- Sigríður Thorlacius - Hjaltalín
- Katrína Mogensen - Mammút
- Emilíana Torrini

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 3.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 3D | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 - 9 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D / 3D | KL. 5.50 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 | 16 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 10 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL. 6 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |

Miðasala á: midi.is og Miði

LAUGARÁS BÍÓ




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE BAG MAN | 10:25 | 16 |
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 10:10 | 12 |
| RIDE ALONG | 6, 8 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |




Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00

Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

**TOKYO OLYMPIAD (1965)**
Stj.: Kon Ichikawa

Segja má um Ólympíumynd japanska leikstjórans Kon Ichikawa að hún sé sjónarspil í yfirstærð og í hópi mikilfenglegustu heimildarmynda um íþróttir, sem gerðar hafa verið. Pétur Ólafsson skrifaði í Morgunblaðið árið 1965 að *Ichikawa [hefði] skapað stórbrotið og listfenglegt verk um mannlegt taugastríð, spennu, ákafa, sigurgleði og vonbrigði, þreytu og uppgjöf við ofurmannlega áreynslu....*

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi





HRAUSTIR MENN
MOTTU
MARS
TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA
Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!
1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins
PHILIPS
sense and simplicity
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

## Drogba mun líklega ekki fagna



**FÓTBOLTI** Didier Drogba snýr aftur á sinn gamla heimavöll er Chelsea tekur á móti tyrkneska liðinu Galatasaray í síðari viðureign liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli.

Drogba er mikil hetja í augum stuðningsmanna Chelsea en þessi 36 ára kappi var á mála hjá liðinu í átta ár og var spurður í gær hvað hann myndi gera ef honum lánaðist að skora sigurmarkið í leiknum.

„Ég myndi líklega ekki fagna miðað við alla þá virðingu sem ég ber fyrir félaginu. En ég verð ánægður ef við vinnum leikinn,“ sagði Drogba.

Real Madrid tekur svo á móti þýska liðinu Schalke en Madrídingar eru svo gott sem komnir áfram eftir 6-1 sigur í fyrri leiknum. Carlo Ancelotti, stjóri Real Madrid, ætlar þrátt fyrir það ekki að hvíla Cristiano Ronaldo í kvöld. Leikirnir hefjast klukkan 19.45. **- esá**

## Valskonur jöfnuðu metin en Haukar standa vel að vígi

**KÖRFUBOLTI** Valur nýtti sér fjarveru Chynnu Brown í liði Snæfells og vann leik liðanna í undanúrslitum Dominos-deildar kvenna í gær, 78-66. Staðan í undanúrslitarimmu liðanna er því 1-1. Snæfellingar byrjuðu betur en Valur komst yfir eftir góðan sprett undir lok fyrri hálfleiksins og lét forystuna aldrei aftur af hendi.

Haukar eru í góðri stöðu í hinni rimmunni og leiða 2-0 gegn Keflavík.

**visir.is**
Mera um leiki gærkvöldsins.



**SYSTUR** Guðrún Gróa og Helga Margrét Þorsteinsdætur léku saman með Snæfelli í gær. Helga Margrét er þekktari fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum. FRÉTTABLAÐIÐ/ALLI

# ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT, 2. LEIKUR**

**VALUR - SNÆFELL 78-66 (41-32)**

**Valur:** Anna Alys Martin 38/7 fráköst/5 stoðsendingar, Hallveig Jónsdóttir 13, Kristrún Sigurjónsdóttir 8, Ragnheiður Benónísdóttir 7/4 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6/5 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 2/8 fráköst/5 stoðsendingar, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 2, María Björnsdóttir 2/4 fráköst.

**Snæfell:** Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 20/9 fráköst, Eva Margrét Kristjánsdóttir 15/7 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 11/6 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 10/8 fráköst/9 stoðsendingar, Hildur Björg Kjartansdóttir 8/15 fráköst/5 stoðsendingar, Alda Leif Jónsdóttir 2.

*Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1. Liðin mætast næst annað kvöld klukkan 19.15.*

**KEFLAVÍK - HAUKAR 65-81 (32-30)**

**Keflavík:** Diamber Johnson 31/8 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 11/5 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 9/6 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 8, Lovísa Falsdóttir 5, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 1/8 fráköst.

**Haukar:** Lele Hardy 21/15 fráköst/5 stoðsendingar, Auður Íris Ólafsdóttir 18/8 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 12/4 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 7, Íris Sverrisdóttir 4, Inga Rún Svansdóttir 2, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 2, Lovísa Björt Henningsdóttir 2.

*Staðan í einvíginu er 2-0 fyrir Hauka. Liðin mætast næst annað kvöld klukkan 19.15.*



**MARKAVÉL** Chuck skoraði 10 mörk í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

## Chuck spilar með Þórsurum í sumar

**FÓTBOLTI** Bandaríski framherjinn Chuckwudi Chijindu, betur þekktur sem Chuck, samdi við Þór til eins árs og spilar með liðinu í Pepsi-deildinni í knattspyrnu í sumar.

Þetta er mikill liðstyrkur fyrir norðanmenn en Chuck spilaði með Þór í Pepsi-deildinni í fyrra og skoraði þá tíu mörk í átján leikjum. Þá skoraði hann fimm mörk í níu leikjum fyrir liðið í 1. deildinni árið 2012.

Hann er væntanlegur til landsins í apríl en Þórsarar leika á meðal þeirra bestu annað árið í röð eftir að þeir héldu sér uppi sem nýliðar á síðustu leiktíð. **- tom**

## Samdi við Stjörnumenn

**FÓTBOLTI** Stjörnunni hefur borist góður liðsstyrkur fyrir komandi átök í Pepsi-deildinni en liðið gerði í gær tveggja ára samning við Pablo Punyed, 24 ára leikmann frá El Salvador.

Punyed hefur spilað hér á landi undanfarin tvö ár, fyrst með Fjölni í 1. deildinni og svo Fylki í Pepsi-deildinni síðastliðið sumar. Hann skoraði eitt mark í ellefu leikjum fyrir Árbæinga í fyrra en meiðsli settu strik í reikninginn hjá honum.

Þetta eru góð tíðindi fyrir Stjörnumenn sem hafa misst nokkra fastamenn frá síðustu leiktíð. Liðið fékk einnig danska varnarmanninn Niclas Vemmelund frá OB í síðasta mánuði. **- esá**

## MAGNAÐ MET Í ÞRENNUM Á TÍMABILINU

**Sautján þrefaldar tvennur í Dominos-deild karla í vetur og fimmtán af þeim voru íslenskar**




# Þrennuveturinn mikli

**Leikmenn Dominos-deildar karla settu glæsilegt met yfir flestar þrennur á einu tímabili í úrvalsdeildinni og þrír íslenskir leikmenn komust inn á topplistann yfir þá sem hafa náð flestum þrennum á einu tímabili.**

**KÖRFUBOLTI** Fréttablaðið hefur eins og aðrir fjölmiðlar verið duglegt að segja frá þrennuafrekum íslenskra körfuboltamanna enda hefur verið full ástæða til. Þetta hefur verið algjört mettímabil og það sem gleður enn fleiri er að það eru íslensku strákarnir sem leiða þessa miklu sókn í þreföldum tvennum.

Metið féll ekki bara því það kolféll og eftir lokaumferðina á sunnudagskvöldið varð það loks ljóst að gamla metið hafði verið slegið um heilar tíu þrennur. Gamla metið var sjö þrennur á einu tímabili eða jafnmargar og Pavel Ermonlinskij náði einn og sér í þessum 22 umferðum Dominos-deildarinnar í vetur. Það setur þessar sautján þrennur í enn frekara samhengi að það voru jafnmargar þrennur á þessu tímabili eins og fjögur undanfarin tímabil til samans.

### ➜ Flestar þrennur á einu tímabili

| | |
|---|---|
| Pavel Ermolinskij, KR 2013-2014 | 7 |
| Pavel Ermolinskij, KR 2010-2011 | 5 |
| Emil Barja, Haukum 2013-2014 | 4 |
| Matthías Orri Sigurðarson, ÍR 2013-2014 | 3 |
| Brenton Birmingham, Grindavík 1999-2000 | 3 |
| Nate Pondexter, Hamri 2001-2002 | 3 |
| Pavel Ermolinskij, KR 2009-2010 | 3 |
| Maurice Miller, Tindastól 2011-2012 | 3 |

**Þrennuvaktin á karfan.is**

Hvort sem það var Hörður Tulinius sem kveikti í strákunum með þrennuvaktinni á karfan.is eða eitthvað annað þá var mikið líf í baráttunni um þrennukóng Dominos-deildarinnar á leiktíðinni.

Endasprettur Pavels Ermonlinskij sýndi þó ungu strákunum Matthíasi Orra Sigurðarsyni og Emil Barja að þeir eiga enn þá aðeins í land með að eiga eitthvað í „Herra þrennu“ í íslenskum körfubolta.

Það var samt skemmtilegast við þessa baráttu að þarna voru þrír íslenskir leikstjórnendur að sýna fjölhæfni sína og nýttu sér aukið mikilvægi íslensku leikmannanna nú þegar aðeins einn Bandaríkjamaður var leyfður í deildinni.

**Fyrsta þrennan 25 ára**

Þrefaldar tvennur þekktust ekki fyrstu tíu tímabilin í úrvalsdeild karla og sú fyrsta datt ekki inn fyrr en fyrir rúmum 25 árum.

Hinn 20. október 1988 er því merkilegur dagur í sögu úrvalsdeildar karla. Þá varð Keflvíkingurinn Magnús Ívar Guðfinnsson fyrstur til að ná þrennu í leik. Magnús var þá með 17 stig, 10 fráköst og 10 stolna bolta í sigri í Keflavík.

Keflvíkingar áttu báðar þrennurnar þetta tímabil, því fyrstu hefðbundnu þrennunni í úrvalsdeild karla náði Keflvíkingurinn Jón Kristinn Gíslason í leik á móti KR 17. nóvember 1988 þegar hann var með 18 stig, 10 fráköst og 10 stoðsendingar.

Milton Bell, sem lék með Skagamönnum tímabilið 1995-96, varð fyrsti leikmaðurinn til að ná tveimur þrennum á sama tímabili en því náði hann með tíu daga millibili í nóvember 1995. Pavel Ermonlinskij var hins vegar fyrsti Íslendingurinn til að ná því þegar hann spilaði seinni hluta 2009-2010 tímabilsins með KR-liðinu.

Pavel Ermonlinskij var með fimm þrennur síðasta tímabil sitt í úrvalsdeildinni (2010-11) og sló því sitt eigið met með því að ná sjö slíkum. Bæði Emil Barja (3. sæti með 4) og Matthías Orri Sigurðarson (4. til 8. sæti með 3) komust inn á topp fjögur á listanum með frammistöðu sinni í vetur.



**ÓTRÚLEGUR** Pavel Ermolinskij er kominn með sjö þrennur á tímabilinu sem er met. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Emil komst líka í sögubækurnar**

Fram undan er úrslitakeppnin þar sem Pavel og Emil gætu bætt við „þrennuafrek“ sín en tímabilið hjá Matthíasi er hins vegar á enda. Bæði Pavel og Emil náðu þrennum á móti mótherjum sínum í átta liða úrslitunum, þar á meðal Pavel í báðum leikjum KR við Snæfell.

Emil náði hins vegar þrennu í seinni leiknum á móti Njarðvík og í leiknum á eftir setti hann sinn stimpil í sögubókina með því að vera fyrstur í sögunni til að ná þrennu á móti báðum Reykjanesbæjarliðunum á sömu leiktíð.

ooj@frettabladid.is


@tt.is
NÝ NETVERSLUN
GEGGJUÐ OPNUNARTILBOÐ!
AMD VINNUÞJARKUR MEÐ SSD
AMD Quad core örgjörvi, 8GB vinsluminni, 120GB SSD diskur, windows 8.1 stýrikerfi.
119 950,-
99.950,-
COOLER MASTER
AOC 22" E2250SWDNK SKJÁR
Full HD skjár á geggjuðu verði, 1920x1080 upplausn, 5ms svartími, DVI&VGA tengi.
15stk.
23 750,-
19.950,-
AOC
25stk.
SAMSUNG 840 EVO 120GB SSD DRIF
Hér fer saman áreiðanleiki og hraði, án efa ein bestu kaupin í SSD diskum í dag.
17 750,-
14.950,-
SAMSUNG
Seagate
20stk.
SEAGATE EXPANSION 2TB FLAKKARI
Traustur 2TB diskur á snilldar verði, tengist beint í USB3 tengi.
16 750,-
13.950,-
OPNUNAR TILBOÐ
INTEL TURNVÉL 3 LEIKJATÖLVA
Öflug vél með Intel 4 kjarna örgjörva og góðu skjákorti, klár í leikina.
149 950,-
139.950,-
COOLER MASTER
10stk.
RAZER TAIPAN LEIKJAMÚS
Alvöru leikjamús á eitruðu verði frá einum af betri framleiðendum að leikjuvörum í dag 8200dpi 4G dual Sensor.
14 950,-
11.950,-
RAZER
10stk.
RAZER DEATHSTALKER LYKLABORÐ
Sérhannað baklýst leikjalyklaborð með forritanlegum tökkum.
15 950,-
11.950,-
RAZER
15stk.
ASUS GEFORCE 760GTX SKJÁKORT
Gríðarlega öflugt skjákort á frábæru verði, 1072MHz core klukka, 2GB minni, Direct CU II kæling.
46 950,-
39.950,-
ASUS
Fartölvur
Spjaldtölvur
Borðtölvur
Uppfærslur
Flakkarar
Jaðartæki
Turnkassar
Algjafar
Móðurborð
Örgjörvar
Kælingar
Vinnsluminni
Skjáir
Skjávarpar
Netbúnaður
Rekstrarvörur
Hugbúnaður
Kaplar og tengi
Hljóðkort
Harðir diskar
SSD diskar
Skjákort
Geisladrif
Stýrispjöld
@tt.is Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • sími 569 0700 • Opið alla virka daga 10-18

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 19.20**
### Um land allt
Kristján Már Unnarsson fer á Ingjaldssand við Önundarfjörð. Þar býr Elísabet Pétursdóttir sauðfjárbóndi ásamt fimmtán ára syni. Hann sækir grunnskóla á Flateyri en kemst stundum ekki heim til sín vikum saman vegna ófærðar. Þau búa á síðasta bænum í dalnum sem nú er orðinn einn sá afskekktasti á landinu.



### Geggjaðar græjur
**STÖÐ 2 KL. 20.10** Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda. Umfjöllunarefnið er fjölbreytt og verður m.a. kíkt á uppfinningar sem hafa ekki sést áður.



### Djöflaeyjan
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.25** Páttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Chelsea og Galatasaray í Meistaradeild Evrópu.



**Bylgjan kl. 10.00**
### Ívar Guðmundsson
Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.





## Drogba snýr aftur!
Didier Drobga snýr aftur á Stamford Bridge og mætir sínum gömlu félögum. Fyrri viðureign liðana endaði í 1-1 jafntefli og því verður hart barist í kvöld um sæti í 8 liða úrslitum.

SPORT Kl. 19:30
**CHELSEA – GALATASARAY**

SPORT 3 Kl. 19:30
**REAL MADRID – FC SCHALKE**

Fáðu þér áskrift! **365.IS**


## STÖÐ 2
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** White Collar
**11.50** Flipping Out
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor
**14.25** In Treatment
**14.55** Sjáðu
**15.25** Lois and Clark
**16.10** Scooby-Doo!
**16.30** Ellen
**17.10** Nágrannar
**17.35** Bold and the Beautiful
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**19.45** New Girl *(17:23)*
**20.10** Geggjaðar græjur
**20.30** The Big Bang Theory *(17:24)*
**20.55** The Mentalist *(13:22)*
**21.40** Rake *(8:13)* er bráðsnjall í réttarsalnum og tekur að sér mál sem aðrir lögfræðingar reyna að forðast.
**22.25** Bones *(20:24)*
**23.10** Girls
**23.40** Daily Show. Global Edition
**00.05** Grey's Anatomy
**00.50** Rita
**01.35** Breaking Bad
**03.10** Burn Notice
**03.55** Black Dynamite
**05.20** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*
**12.00** AZ Alkmaar - Anzhi
**13.45** Spænsku mörkin 2013/14
**14.15** Valur - Snæfell
**15.45** Meistaradeild Evrópu. Bayern Munchen - Arsenal
**17.25** KS deildin
**17.55** Þýsku mörkin
**18.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.00** Meistaradeildin - upphitun
**19.30** Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Galatasaray Bein útsending
**21.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**22.15** Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Schalke
**00.10** Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Galatasaray

## SPORT 2 *enski boltinn*
**11.30** Fulham - Newcastle
**13.10** Everton - Cardiff
**14.50** Southampton - Norwich
**16.30** Messan
**17.50** Tottenham - Arsenal
**19.30** Premier League World
**20.00** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**20.55** Football League Show 2013/14
**21.25** Sunderland - Crystal Palace
**23.05** Stoke - West Ham
**00.45** Season Highlights 2010/2011

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3
**19.00** Extreme Makeover. Home Edition
**20.25** Hart Of Dixie *(5:22)*
**21.10** Pretty Little Liars *(4:25)*
**21.55** Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**22.30** Nikita *(5:22)* Þriðja þáttaröð þessara spennandi þátta um unga konu sem hlaut þjálfun sem njósnari og leigumorðingi hjá leynilegri stofnun á vegum stjórnvalda.
**23.15** Shameless
**01.00** Revolution
**01.45** Arrow
**02.30** Tomorrow People
**03.15** Extreme Makeover. Home Edition
**04.40** Hart Of Dixie
**05.25** Pretty Little Liars

## Krakkastöðin
**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.50** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Ávaxtakarfan **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Latibær **10.34** Ævintýraferðin **10.47** Tom and Jerry **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.50** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ávaxtakarfan **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.23** Latibær **14.34** Ævintýraferðin **14.47** Tom and Jerry **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.50** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Brunabílarnir **17.47** Ávaxtakarfan **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.23** Latibær **18.34** Ævintýraferðin **18.47** Tom and Jerry **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Rauðhetta... með nýju bragði 2 **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**17.30** Strákarnir
**18.00** Friends
**18.20** Seinfeld
**18.45** Modern Family
**19.05** Two and a Half Men
**19.30** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi *(3:10)*
**19.55** Veggfóður *(17:20)*
**20.40** Game of Thrones *(6:10)*
**21.35** Nikolaj og Julie *(21:22)*
**22.25** Anna Pihl *(1:10)*
**23.10** Hustle *(4:6)*
**00.05** The Fixer
**00.50** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
**01.15** Veggfóður
**01.55** Game of Thrones
**02.50** Nikolaj og Julie
**03.35** Anna Pihl
**04.20** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ
**11.25** The Extra Man
**13.10** Mirror Mirror
**14.55** Anger Management
**16.40** The Extra Man
**18.30** Mirror Mirror
**20.15** Anger Management
**22.00** Rock of Ages
**00.05** Source Code
**01.40** Ondine
**03.25** Rock of Ages

## RÚV
**16.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Músahús Mikka
**17.45** Ævar vísindamaður
**18.11** Sveppir
**18.20** Táknmálsfréttir
**18.30** Viðtalið
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.10** Leiðin á HM í Brasilíu *(4:16)* Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Einnig kynnumst við gestgjöfunum betur og skoðum borgirnar og leikvangana sem keppt er á.
**20.40** Castle *(11:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**21.25** Djöflaeyjan Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Thorne: Svefnpurka *(2:3) (Thorne: Sleepyhead)*
**23.05** Spilaborg *(5:13) (House of Cards II)*
**23.55** Kastljós
**00.20** Fréttir
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.55** Got to Dance
**17.45** Dr. Phil
**18.25** Top Chef
**19.10** Cheers
**19.35** Sean Saves the World *(10:18)*
**20.00** The Millers *(10:22)*
**20.25** Parenthood *(11:15)*
**21.10** The Good Wife *(6:22)*
**22.00** Elementary *(11:24)* Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York borg nútímans.
**22.50** The Tonight Show Spjallþáttasnillingurinn James Spader og peni prúðuleikarinn Kermit mæta til leiks. Keltneska rokkbandið Black 47 heldur uppi stuðinu
**23.35** The Bridge
**00.15** Scandal
**01.00** Elementary
**01.50** Mad Dogs
**02.40** The Tonight Show
**03.25** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin
**08.05** PGA Tour 2014 **11.05** Golfing World 2014 **11.55** PGA Tour 2014 **14.55** Golfing World 2014 **15.45** Einvígið á Nesinu **16.40** Science of Golf, The **17.05** 1998 Augusta Masters official film **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 - Highlights **19.45** Golfing World 2014 **20.35** PGA Tour 2014 - Highlights **21.30** Champions Tour 2014 **23.30** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# ego dekor

# NÝ SENDING AF SÓFUM



DICE 4ra sæta leðursófi
Breidd: 300cm
Verð: 278.000,-

SKEMILL
Stærð: 87x70cm
Verð: 49.900,-



MODESTO leðursófi
Stærð: 300x210cm
Verð: 398.000,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290x165cm
Verð: 199.750,-



HAMPTON tungusófi
Stærð: 318x197cm
Verð: 248.400,-



KUND tungusófi
Stærð: 303x168cm
Verð: 238.500,-



CANYON horntungusófi
Stærð: 318x223/152cm
Verð: 239.700,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

## BESTI BITINN



**„Uppáhaldsrétturinn minn er eggjanúðlur með tófúkjöti á Nings.“**

Ásdís María Viðarsdóttir tónlistarkona

# Tengsl á milli Vesturports og Óskarsverðlaunahafans

Hugsanlegt er að leikstjórinn Alfonso Cuarón og Vesturport hyggi á samstarf.



„Hann var hér um helgina og svo sem ekkert meira um það að segja. Ég get staðfest að það séu tengsl okkar á milli en get ekki farið nánar út í neitt sem því tengist,“ segir leikarinn Gísli Örn Garðarsson, meðlimur leikhópsins Vesturports, um veru Óskarsverðlaunahafans Alfonsos Cuarón á landinu um síðustu helgi. Eyddi Alfonso tíma með Vesturportsfólki en Gísli er þögull sem gröfin um það hvort leikhópurinn ætli í samstarf við leikstjórann.

„Við vorum með honum á Loftinu og víðar um helgina. Það var rosa fjör,“ bætir Gísli við og mærir Alfonso sem listamann.

Cuarón var sigursæll á Óskarsverðlaunahátíðinni fyrir stuttu en mynd hans, Gravity, sópaði til sín sjö verðlaunum og hlaut hann styttuna eftirsóknarverðu fyrir bestu leikstjórn.

Vesturport hefur notið mikillar velgengni síðustu ár og er leikhópurinn vanur því að vinna með þekktum listamönnum. Má þar til dæmis nefna samstarf við tónlistarmennina Nick Cave og Warren Ellis fyrir leikritið Faust. **- lkg**



**ÞÖGULL** Leikarinn og leikstjórinn Gísli Örn vill lítið tjá sig um Cuarón. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON








**FORRÉTTINDI** Snæbjörn Ragnarsson og Óttar Proppé fara með Pollapönki til Kaupmannahafnar í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# RÚV vildi hafa Eurovision-lagið á ensku

Pollapönk ræður ekki á hvaða tungumáli framlag Íslands í Eurovision er flutt. Lokaútgáfan er á ensku og fékk almenningur ekki að heyra þá útgáfu í undankeppninni.

„Við höfum alltaf úrslitavaldið og megum breyta laginu ef við teljum það þjóna laginu betur, við erum framleiðendur lagsins. Það stóð til hjá þeim að flytja lagið á fleiri en einu tungumáli en það var bara búið að þýða viðlagið á ensku fyrir úrslitakvöldið. Við setjumst svo niður með keppendum eftir keppni og skoðum hvað megi betur fara,“ segir Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Söngvakeppninnar.

Framlag Íslands í Eurovision í ár er eins og flestir vita lagið Enga fordóma með Pollapönki og var myndband við lagið frumsýnt á laugardaginn. Lagið er þó ekki á sama tungumáli og áhorfendur kusu þegar úrslitakeppnin fór fram hér á landi í febrúar. „RÚV-menn ráða þessu alltaf á endanum og við vorum alveg til í að vinna með þeim í því,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, söngvari og gítarleikari í Pollapönki, þegar hann er spurður út í tungumálavalið í laginu. Ef vitnað er í fréttatilkynningu frá RÚV skömmu fyrir úrslitakvöldið kemur eftirfarandi í ljós.

„Í ár verður þó sú nýbreytni kynnt til sögunnar að lögin í einvíginu verða flutt í þeirri útgáfu og á því tungumáli sem stefnt er að að senda til Danmerkur. Þessi breyting er gerð til að áhorfendum gefist kostur á að heyra og velja þann texta og þá útgáfu lagsins sem mun keppa fyrir Íslands hönd í ESC 14.“

Hera segir að aðstandendur keppninnar hafi reynt að hafa lagið eins nálægt lokaútgáfunni og hægt var á úrslitakvöldinu. „Það er auðvitað almenningur sem kýs lagið en við höfum alltaf vald til þess að breyta. Við verðum að skoða þetta í stærra samhengi og ræddum mikið um skilaboðin sem þeir eru að koma á framfæri og það skiptir svo miklu máli að boðskapurinn komist til skila. Við teljum það atriðinu fyrir bestu að lagið sé á ensku,“ segir Hera um breytingarnar. Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant þýddi textann.

Haraldur Freyr er þó á því að lagið sé ekki verra á ensku. „Ég er ekki frá því að mér finnist lagið betra á ensku. Lala-kaflinn fær nýtt líf,“ bætir Haraldur Freyr við.

Bakraddasöngvararnir Óttar Proppé og Snæbjörn Ragnarsson, betur þekktur sem Bibbi í Skálmöld, fara með Pollapönki út í lokakeppnina í Kaupmannahöfn í maí. „Við höldum það enn sem komið er að Óttar sé fyrsti þingmaðurinn sem stígur á svið í lokakeppni Eurovision,“ segir Hera.

„Það eru forréttindi að fá að hafa alþingispolla og slysavarnapolla/þungarokkspolla á stóra sviðinu í Cirkus Eurosmart í Danmörku,“ segir Haraldur Freyr sem hlakkar mikið til þess að fara út.



**„Það er auðvitað almenningur sem kýs lagið en við höfum alltaf vald til þess að breyta.“**

*Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Söngvakeppninnar*

gunnarleo@frettabladid.is

# Myndaði Charlotte Church

Ljósmyndarinn Bragi Þór Jósefsson tók myndir af tónlistar- og leikkonunni Charlotte Church fyrir breska blaðið The Guardian er hún dvaldi hér á landi.

„Ég á ekki plötu með henni og veit í rauninni ekkert um hana. Ég gúgglaði hana samt þegar ég fékk djobbið,“ segir Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari, sem myndaði velsku tónlistar- og leikkonuna Charlotte Church þegar hún dvaldi hér á landi í nóvembermánuði síðastliðnum.

Undir lok janúarmánaðar birtist stór og mikil grein um Church í The Guardian og henni fylgdi fjöldi mynda eftir Braga Þór. „Ég myndaði þau við köfun í Silfru á Þingvöllum, hjá Geysi og við Gígjökul. Charlotte Church er víst voða fræg en ég vissi nú samt ekkert hver hún var. Hún var óskö indæl og virtist vera ljúf stelpa,“ segir Bragi Þór.

Þetta er þó ekki í fyrsta skiptið sem Bragi Þór myndar fyrir erlenda miðla. „Ég er alltaf eitthvað að mynda fyrir erlenda miðla eins og The Guardian, Wallpaper og Wallstreet Journal svo dæmi séu tekin. Ég er með umboðsskrifstofu, Wonderful Machine, í Bandaríkjunum og fæ oft verkefni í gegnum hana,“ útskýrir Bragi Þór.

Charlotte Church, sem var hér á landi í tvo til þrjá daga í nóvembermánuði, er margverðlaunuð og hefur gefið út sex plötur og selt yfir tíu milljónir platna á heimsvísu. **- glp**



**ÍSLANDSVINUR** Charlotte Church dvaldi hér á landi í nóvember og pósaði fyrir Braga Þór. Voru myndirnar birtar í The Guardian. MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.
DOMINO'S DEILDIN
NÚ LÍÐUR AÐ ÚRSLITAKEPPNINNI!
Spennan magnast í Domino's-deildinni og stefnir í frábæran lokasprett. Úrslitakeppni kvenna hefst á laugardag og karlarnir spila fyrstu leikina fimmtudaginn 20. mars – og þar getur ýmislegt ennþá breyst. Sjáumst á vellinum!
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ásgeir Trausti spilar á Fuji Rock í Japan

Tónlistarmaðurinn **Ásgeir Trausti** kemur fram á tónlistarhátíðinni Fuji Rock sem fram fer á Naeba Ski Resort í Japan síðustu helgina í júlí.

Á hátíðinni koma fram mörg þungavigtarnöfn í tónlistinni eins og Kanye West, Damon Albarn, Franz Ferdinand, Lorde og Outkast, ásamt mörgum fleiri þekktum.

Um er að ræða stærðarinnar hátíð en árlega sækja hana yfir 100.000 manns. Ásgeir Trausti er þó ekki fyrsti Íslendingurinn sem kemur fram á hátíðinni því Björk kom þar fram árið 1998 og 2003 og þá kom Sigur Rós fram á hátíðinni árið 2005.



Ásgeir er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu, eftir að hafa verið á tónleikaferðalagi um Bandaríkin. - glp

### Heldur upp á afmæli á Íslandi

Sænska tónlistarkonan **Lykke Li** sem stödd er hér á landi fagnar 28 ára afmæli sínu í dag. Hún kemur fram á Stopp! Gætum garðsins í Hörpu í kvöld ásamt pönkgyðjunni Patti Smith, Björk, Retro Stefson og mörgum fleirum. Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands en allir tónlistarmennirnir sem koma fram í kvöld gefa vinnu sína.



Heimildir blaðsins herma að Lykke Li sé spennt yfir því að halda upp á afmæli sitt hér á landi enda ekki á hverjum degi sem sá möguleiki er fyrir hendi að Patti Smith leiði afmælissönginn. - ssb

### Mest lesið VÍSIR

1 Maður er manns gaman ...stundum
2 Nemendur mæta til að læra – Óvissir um hvað verður
3 Hver var bestur? – Hver skoraði flottasta markið? | Allt inni á Vísi
4 Þetta er landið sitt
5 Ein eftir í afskekktum dal á Vestfjörðum

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið


Ferminga tilboð
GJÖF FYLGIR
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár


TAKMARKAÐ MAGN

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
VALHÖLL (eldri gerð)
Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.
120x200 cm Tilboðsverð kr. 69.900.-
140x200 cm Tilboðsverð kr. 79.900.-
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
MEMORY Þrýstijöfnunar heilsudýna
Mótast að líkamanum og veitir mjög góðan stuðning.
Þyngdardreifingin er mjög góð og álagspunktar við axlir og mjaðmir svo til engir.
Kaldþrýstijöfnunarefni í efsta lagi sem hjálpar við að viðhalda jöfnu hitastigi í líkamanum.

120x200 cm
Tilboðsverð kr. 99.900.-
Verð áður kr. 119.900.-
140x200 cm
Tilboðsverð kr. 119.900.-
Verð áður kr. 139.900.-

SAGA / FREYJA
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur
Með 7 svæðaskiptu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa.
Verð með leðurbotni og fótum.
120x200 cm
Verð aðeins kr. 119.900.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 139.900.-
IQ-CARE Hágæða svæðisskipt heilsudýna
Ein besta heilsudýna í heimi með 7 svæðaskiptum svefnflötum, 23 cm háþróuð Þrýstijöfnunardýna, mjúkt og þægilegt axlarsvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa.
Verð með leðurbotni og fótum. - **Til í mörgum stærðum**

120x200 cm
Verð aðeins kr. 169.900.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 189.900.-

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum